



---

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN  
AFBROTATÖLFRÆÐI 2003

---

Október 2004



Útgefandi:  
Ríkislögreglustjórnin  
[www.rls.is](http://www.rls.is)  
[www.logreglan.is](http://www.logreglan.is)  
Umsjón:  
Svið 4  
Rannveig Þórisdóttir félagsfræðingur  
Hönnun forsiðu og viðauka:  
Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu ehf.  
Mynd á kápu:  
Júlíus Sigurjónsson, Foto.is sf.  
Prentun:  
Svansprent ehf.

## Efnisyfirlit

<b>AÐFARAORÐ RÍKISLÖGREGLUSTJÓRA .....</b>	<b>4</b>
<b>HELSTU NIÐURSTÖÐUR .....</b>	<b>6</b>
<b>AÐFERÐIR OG GÖGN.....</b>	<b>9</b>
<b>SKRÁNINGAR Í MÁLASKRÁ.....</b>	<b>11</b>
<b>TILKYNNT AFBROT Á ÍSLANDI.....</b>	<b>13</b>
ÞRÓUN EINSTAKRA BROTAFLOKKA .....	19
UMFERÐARLAGABROT .....	22
AÐGUNARBROT.....	25
KYNFERÐISBROT .....	30
MANNDRÁP OG LÍKAMSMEIÐINGAR .....	34
FÍKNIEFNABROT .....	37
EIGNASPJÖLL.....	45
NYTJASTULDUR.....	47
BROT GEGN VALDSTJÓRNINNI .....	49
SKJALAFALS.....	53
BROT GEGN FRÍÐHELGI EINKALÍFS.....	54
BROT GEGN ÁFENGISLÖGUM .....	56
<b>KÆRÐIR 2001 TIL 2003 .....</b>	<b>59</b>
HEGNINGARLAGABROT .....	59
FÍKNIEFNABROT .....	63
UMFERÐARLAGABROT .....	65
<b>FJÖLDI BROTA EFTIR EMBÆTTUM .....</b>	<b>67</b>
<b>MYNDASKRÁ.....</b>	<b>93</b>
<b>TÖFLUSKRÁ .....</b>	<b>94</b>
<b>VIÐAUKI .....</b>	<b>95</b>

## Aðfaraorð ríkislögreglustjóra

Á síðustu árum hafa aðferðir lögreglunnar við að afla tölfræðiupplýsinga og úrvinnsla þeirra breyst nokkuð. Reynsla er komin á það hvernig best þykir að vinna upplýsingarnar og hvernig ber að túlka þær. Tölfræði lögreglu hefur ekki síst gildi þegar meta á þróun afbrota. Fjöldi frumkvæðisverkefna lögreglu, eins og rannsóknir fíkniefnabrota, gefur til dæmis góða mynd af áherslum lögreglu á hverjum tíma. Þannig má ætla að auknar aðgerðir og samvinna lögreglu og tollgæslu hafi stuðlað að því að fleiri fíkniefnamál koma upp og meira magn fíkniefna hefur náðst. Þróun annarra brota, svo sem innbrota, segir frekar til um breytingar í samfélaginu þar sem þau eru í flestum tilvikum tilkynnt til lögreglunnar. Fjölgun tilkynninga þarf þó ekki nauðsynlega að fela í sér raunverulega aukningu brota heldur getur til dæmis almenn umræða orðið til þess að frekar er tilkynnt um þau.

Til að auka skilning á tölfræðiupplýsingum lögreglu og afbrotum almennt er mikilvægt að lögregla og aðrir stuðli að rannsóknum á sviði afbrota og refsinga. Embætti ríkislögreglustjóra hefur framkvæmt og tekið þátt í fræðilegum rannsóknum til að varpa ljósi á afbrot og leiðir til að draga úr tíðni þeirra. Þátttaka í þessháttar rannsóknum er mikilvæg þar sem rétt tölfræði auðveldar lögreglu að meta þróun afbrota, setja sér markmið og meta árangur af þeim leiðum sem farnar eru. Þá hafa sum lögregluembætti nýtt sér aðstoð

ríkislögreglustjóra við að fá teknar saman sérstakar upplýsingar sem taka mið af markmiðum einstaka embætta við að fækka afbrotum.

Ríkislögreglustjóri beindi því til lögreglustjóranna haustið 1998 að vinna markvisst að fækkun afbrota. Sett var metnaðarfullt viðmið, að fækka innbrotum, þjófnum, líkamsárásam, ránum og eignaspjöllum í landinu um 20%. Enda þótt þessi viðmið hafi ekki enn náðst má sjá að tilkynntum afbrotum til lögreglu fækkaði um 10% á árinu 2003 frá árinu á undan. Hlutfallið er svipað varðandi hegningarlagabrotin ein og sér. Þegar litið er á þróunina síðustu árin má sjá stöðugleika í brotum, eftir nokkuð stöðuga fjölgun afbrota. Þannig er árangur sýnilegur en mikilvægt er að lögreglustjórar leggi enn frekari áherslu á fækkun afbrota með skipulögðum aðgerðum og verkefnaaðri löggæslu.

Lögregla hér á landi og erlendis hefur reynslu af því að vinna markvisst að verkefnum sem hafa að markmiði að fækka afbrotum. Gott er að byggja markmiðssetningu lögreglu til fækkunar afbrota meðal annars á þeim upplýsingum sem birtast í þessari skýrslu.

Október 2004

Haraldur Johannessen  
ríkislögreglustjóri

## Helstu niðurstöður

- Skráningum í málaskrá fækkaði árið 2003 og fækkar skráðum brotum um 10% en skráðum verkefnum um 4%.
- Árið 2003 voru 89.121 brot skráð í málaskrá lögreglu sem er 10% fækkun frá árinu á undan.
- Hegningarlagabrotum fækkaði um tæplega 10% og umferðarlagabrotum um 12%. Á sama tíma fjölgaði brotum gegn öðrum sérrefsilögum en umferðarlögum um rúmlega 16%.
- Hlutfallslega flest hegningarlagabrot áttu sér stað á bifreiðastæðum (26%) og í íbúðarhúsnæði (24%).
- Líkt og fyrri ár eru umferðarlagabrotin langtum viðamesti málaflokkurinn hjá lögreglu en 72% brota falla þar undir.
- Árið 2003 var 10.041 auðgunarbrot skráð hjá lögreglu sem er 11% fækkun brota frá árinu á undan.
- Innbrotum fækkar árið 2003 frá árinu á undan.
- Fjöldi tilkynntra þjófnaða er undir meðaltali síðustu fjögurra ára.
- Ránum fjölgar milli ára og eru yfir meðaltalsfjölda síðustu fjögurra ára á undan.
- Flest innbrot (38%) og þjófnaðir (26%) áttu sér stað á bifreiðastæði. Þá voru næstflest innbrot (26%) í íbúðarhúsnæði en næstflestir þjófnaðir voru úr verslunum (23%).
- Árið 2003 voru 359 kynferðisbrot skráð hjá lögreglu sem er aukning frá árinu á undan er 324 brot voru skráð.
- Ofbeldisbrotum öðrum en kynferðisbrotum fækkar lítillega milli ára.
- Hlutfallslega flest ofbeldisbrot áttu sér stað á veitinga- eða skemmtistöðum (28%) árið 2003.
- Ólíkt flestum öðrum brotum fjölgaði fíkniefnabrotum árið 2003 og hefur brotum þá fjölgað nánast stöðugt frá 2001.
- Hlutfallsleg aukning milli ára var mest vegna dreifingar og sölu fíkniefna og vörslu eða neyslu fíkniefna.
- Árið 2003 var lagt hald á tæplega 55 kílógrömm af hassi sem er rúmlega tveimur kílógrömmum minna magn en árið á undan.

- Í innflutningsmálum finnast efnin oftast við leit á tollsvæðum eða í tæplega 57% tilvika.
- Árið 2003, líkt og fyrri ár, kom mest af hassi frá Danmörku og amfetamíni frá Hollandi.
- Eignaspjöllum fækkaði um rúmlega 6% árið 2003 og áttu flest þeirra sér stað á bifreiðastæði (32%).
- Nytjastuldum fækkaði um 27% frá árinu á undan en það ár fjölgaði brotum verulega eða um 46%.
- Árið 2003 fjölgaði brotum vegna ofbeldis gagnvart lögreglumönnum eftir nokkra fækkun brota árin á undan.
- Árið 2003 voru 3.536 einstaklingar kærðir fyrir hegningarlagabrot, 2.816 karlar og 720 konur.
- Hlutfallslega flestir þeirra sem kærðir voru fyrir hegningarlagabrot á tímabilinu voru á 18. eða 19. aldursári.
- Árið 2003 voru 1.057 einstaklingar kærðir fyrir fíkniefnabrot, í flestum tilvikum karlar eða 85%.
- Árið 2003 voru 34.009 einstaklingar og 527 fyrirtæki kærð vegna umferðarlagabrota, flestir á aldrinum 15–19 ára.





## Aðferðir og gögn

Hér eru birtar upplýsingar um stöðu brota og verkefna í málaskrá lögreglu þann 02.05. 2004. Miðað er við fjölda skráðra brota og er ýmist talað um skráð eða tilkynnt brot. Brot er fært undir það embætti þar sem mál er kært og kemur þannig fram á yfirlitum. Ekki er einhlítt að mál sé kært í sama umdæmi og verknaður er framinn. Þessi háttur við úrvinnslu tölulegra upplýsinga er hins vegar nauðsynlegur til þess að unnt sé að ná saman gögnum um skráð brot þar sem vettvangur er í sumum tilvikum óþekktur, erlendis eða á hafi úti. Ártal í málnúmeri ræður þegar talin eru brot hvers árs.

Við samantekt tölulegra upplýsinga eru tilgreind öll brot en hafa ber í huga að eitt atvik getur falið í sér fleiri en eitt brot. Sem dæmi um það má taka að maður sem handtekinn er í kjölfar þjófnaðar getur reynst bera á sér fíkniefni þannig að bæði er um að ræða auðgunarbrot og fíkniefnabrot.

Í fyrsta hluta er fjallað um fjölda skráðra brota árið 2003 samanborið við fyrri ár. Upplýsingar fram til ársins 2000 eru fengnar úr ársskýrslum embættis ríkislögreglustjóra en fyrir árin 2001 og 2002 úr sérstökum tölfræðiskýrslum. Þá er leitast við að skoða brotaflokkinn, eða einstök brot innan hans, nánar með því að skoða dreifingu brota eftir tímabilum. Enn fremur er vettvangur brotanna skoðaður í þeim tilvikum þar sem hann er þekktur en upplýsingar eru ekki fyrirbyggjandi í öllum tilvikum.

Í öðrum hluta er fjallað um upplýsingar um kærða á árunum 2000 til 2003. Byggt er á upplýsingum miðað við stöðu mála í málaskrá í maí 2004 og er aðeins fjallað um þá sem kærðir voru fyrir afbrot. Annars vegar er fjallað um fjölda kæra og hins

vegar fjölda einstaklinga.<sup>1</sup> Með fjölda kæra er átt við fjölda tilvika þar sem kært var og er þá sami einstaklingur talinn jafnoft og hann hefur gerst brotlegur. Þegar talað er um fjölda einstaklinga er hver einstaklingur talinn einu sinni á því ári sem hann var kærður.<sup>2</sup>

Í þriðja hluta er fjöldi brota borinn saman milli landsvæða og umdæma miðað við 10.000 íbúa. Í þeim samanburði ber að hafa í huga að fleiri sveitarfélög en eitt heyra oftast undir hvert umdæmi lögreglu. Við útreikning á fjölda brota miðað við fjölda íbúa er notast við endanlegar mannfjöldatölur frá Hagstofu Íslands 1. desember á undan því ári sem tölur um fjölda brota eiga við (sjá viðauka). Á heildaryfirliti (sjá viðauka) er fjöldi brota einnig sýndur miðað við hverja 100.000 íbúa, sem er hið almenna viðmið í alþjóðasamanburði.

Fjöldi brota eftir landsvæðum og miðað við íbúafjölda er ekki reiknaður fyrir umdæmi lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli, þar sem ekki er hægt að miða við tiltekinn fjölda íbúa og í mörgum tilvikum er erfitt að staðsetja brotin. Sama á við um brot sem kærð eru til embættis ríkislögreglustjóra og ríkissaksóknara. Þau brot eru hins vegar talin með í heildarfjölda brota á landinu öllu miðað við íbúafjölda.


Við mat á gögnum lögreglu þarf að hafa nokkra fyrirvara í huga. Þannig koma margir að skráningu gagna og því ekki víst að forsendur skráningar séu ávallt þær sömu. Upplýsingar geta einnig tekið breytingum eftir tíma þar sem öll brot eru ekki fullrannsökuð þegar könnunin fer fram. Að lokum er vert að benda á að ekki er um raunverulegan fjölda brota í samfélaginu að ræða þar sem ekki er tilkynnt um öll brot til lögreglu.

<sup>1</sup> Sem dæmi um muninn á fjölda kæra og fjölda einstaklinga þá er einstaklingur sem kærður er fyrir innbrot, ofbeldisbrot og fíkniefnabrot á sama árinu aðeins talinn einu sinni en kærur eru samtals þrjár.

<sup>2</sup> Rétt er að taka fram að í gögnum lögreglu er einstaklingur skráður kærður ef hann er grunaður um brot. Ekki eru allir þeir sem kærðir eru fyrir brot ákærðir. Fyrir því geta legið margar ástæður, svo sem að viðkomandi er ósakhæfur, mál telst ekki líklegt til sakfellingar eða málssókn varðar ekki almannahagsmuni.


## Skráningar í málaskrá

Þegar litið er til fjölda skráninga í málaskrá árið 2003 og þróun frá 1999 má sjá að skráningum fækkar milli ára eftir fjölgun árið 2002. Þannig voru 104.034 brot og verkefni skráð í málaskrá árið 2003 samanborið við 114.545 árið á undan. Fækkunin er meiri í skráðum brotum (10%) en í skráðum verkefnum (4%).



**Mynd 1.** Fjöldi skráninga í málaskrá frá 1999 til 2003.


Þegar litið er til skiptingar þeirra brota og verkefna sem skráð voru í málaskrá 2001 til 2003 (mynd 2) má sjá að litlar breytingar hafa orðið á dreifingu milli ára. Þó hefur hlutfall umferðarlagabrota minnkað lítillega en vægi annarra sérrefsilagabrota eykst að sama skapi.



**Mynd 2.** Hlutfallsleg skipting brota og verkefna samkvæmt málaskrá 2001 til 2003.

## Tilkynnt afbrot á Íslandi


Árið 2003 voru 89.121 brot skráð í málaskrá lögreglu sem er 10% fækkun frá árinu á undan er 99.070 brot voru skráð. Á mynd 3 sést skipting brota milli ára. Sjá má að hegningarlagabrotum fækkaði um tæplega 10% og umferðarlagabrotum um 12%. Á sama tíma fjölgaði brotum gegn öðrum sérrefsilögum<sup>3</sup> en umferðarlögum um rúmlega 16%.




**Mynd 3.** Fjöldi brota samkvæmt málaskrá 2001 til 2003, eftir tegund brots.

Þegar hlutfallsleg dreifing hegningarlagabrota er skoðuð eftir vikudögum (mynd 4) vekur athygli hversu lík dreifingin er milli ára. Öll árin voru flest hegningarlagabrot tilkynnt til lögreglu á mánudögum en fæst á fimmtudögum árið 2001, á laugardögum árið 2002 og miðvikudögum árið 2003.

<sup>3</sup> Önnur sérrefsilög en umferðarlagabrot eru til dæmis fíkniefnabrot og brot gegn áfengislögum.




**Mynd 4.** Hlutfallsleg dreifing hegningarlagabrota samkvæmt málaskrá 2001 til 2003, eftir vikudögum.



**Mynd 5.** Hlutfallsleg dreifing annarra sérrefsilagabrota en umferðarlagabrota samkvæmt málaskrá 2001 til 2003, eftir vikudögum.


Á mynd 5 sést þróun sérrefsilagabrota annarra en umferðarlagabrota á árunum 2001 til 2003 eftir vikudögum. Sjá má að dreifingin er mjög svipuð milli ára. Hlutfallslega flest brot voru tilkynnt um helgar en fæst fyrri hluta vikunnar.

Niðurstöður á mynd 6 sýna að lítil breyting varð á hlutfallslegri dreifingu umferðarlagabrota milli vikudaga á árunum 2000 til 2003. Hlutfallslega flest brot voru skráð á föstudögum en fæst á sunnudögum öll árin.



**Mynd 6.** Hlutfallsleg dreifing umferðarlagabrota samkvæmt málaskrá 2001 til 2003, eftir vikudögum.


Þegar litið er til hlutfallslegrar dreifingar hegningarlaga brota milli mánaða (mynd 7) má sjá að brotin dreifast nokkuð jafnt yfir árið öll árin. Fæst brot voru tilkynnt í desember árið 2003 en í febrúar 2001 og 2002. Þegar litið er til dreifingar milli ársfjórðunga voru fæst brot tilkynnt á fyrsta ársfjórðungi 2001 og 2002 en á síðasta ársfjórðungi 2003.




**Mynd 7.** Hlutfallsleg dreifing hegningarlagabrota samkvæmt málaskrá 2001 til 2003, eftir mánuðum.

Á mynd 8 sést dreifing annarra sérrefsilagabrota en umferðarlagabrota eftir mánuðum. Sjá má að dreifingin er nokkuð jöfn yfir árið öll árin. Árið 2003 sker ágústmánuður sig þó nokkuð úr er hlutfall brota jókst nokkuð. Þegar á heildina er litið voru flest brot tilkynnt á öðrum og þriðja ársfjórðungi öll árin en fæst á fyrsta ársfjórðungi 2001 og 2002 og á síðasta ársfjórðungi 2003.






**Mynd 8.** Hlutfallsleg dreifing sérrefsilagabrota annarra en umferðarlagabrota samkvæmt málaskrá 2001 til 2003, eftir mánuðum.



**Mynd 9.** Hlutfallsleg dreifing umferðarlagabrota samkvæmt málaskrá 2001 til 2003, eftir mánuðum.

Þegar litið er til hlutfallsdreifingar umferðarlagabrota milli mánaða má sjá að hún er mjög svipuð milli ára (mynd 9). Umferðarlagabrot eru flest á sumrin en fæst undir lok árs.



**Mynd 10.** Hlutfallsleg dreifing hegningarlagabrota og annarra sérrefsilagabrota en umferðarlagabrota samkvæmt málaskrá 2003, eftir tegund vettvangs.

Á mynd 10 má sjá hlutfallslega dreifingu hegningarlagabrota og annarra sérrefsilagabrota en umferðarlagabrota í þeim brotum þar sem tegund vettvangs er þekkt. Fram kemur að hlutfallslega flest hegningarlagabrot áttu sér stað á bifreiðastæðum (26%) og í íbúðarhúsnæði (24%) en einnig áttu tæplega 15% brota sér stað í verslunum. Flest sérrefsilagabrot (önnur en umferðarlagabrot sem eiga sér í nánast öllum tilvikum stað á akbraut) áttu sér stað utandyra eða tæplega 38% en að

auki áttu rúmlega 15% brota sér stað í íbúðarhúsnæði og rúmlega 12% í fyrirtækjum.


## Þróun einstakra brotaflokka

Á töflu 1 sjást breytingar á skráðum fjölda brota í nokkrum málaflokkum frá 1999 til 2003. Þar kemur fram að fjöldi brota í helstu málaflokkum hefur verið nokkuð stöðugur á síðustu árum. Þó verður vart fækkunar árið 2003 eftir nokkra fjölgun árið á undan. Þannig fækkaði brotum er varða skjalafals um rúm 37% og nytjastuld um 27%. Fíkniefnabrotum fjölgaði hins vegar nokkuð eða um rúmlega 39% milli ára.

Þegar fjöldi tilkynntra brota árið 2003 er borinn saman við meðaltal tilkynntra brota 1999 til 2002 má sjá að auðgunarbrot, áfengislagabrot, brot gegn lífi og líkama, eignaspjöll, skjalafals, nytjastuldur og umferðarlagabrot eru undir meðaltali. Fjöldi brota gegn friðhelgi einkalífs og fíkniefnabrot eru hins vegar yfir meðaltali.

**Tafla 1.** Fjöldi og hlutfall skráðra brota í nokkrum málaflokkum samkvæmt málaskrá 1999 til 2003, eftir tegund brots.


	<b>2003</b>	<b>2002</b>	<b>2001</b>	<b>2000</b>	<b>1999</b>	<b>1999–2002</b>
	<b>Fjöldi</b>	<b>Fjöldi</b>	<b>Fjöldi</b>	<b>Fjöldi</b>	<b>Fjöldi</b>	<b>Meðaltal</b>
Auðgunarbrot	10.041	11.330	10.522	10.482	10.040	10.594
Áfengislagabrot	2.009	1.984	2.230	2.665	2.297	2.294
Brot gegn friðhelgi einkalífs	874	758	759	757	711	746
Brot gegn lífi og líkama	1.663	1.654	1.737	1.736	1.623	1.688
Eignaspjöll	3.883	4.141	4.463	4.182	4.242	4.257
Fíkniefnabrot	1.385	994	911	781	962	912
Skjalafals	340	513	398	455	412	445
Nytjastuldur	412	566	388	427	456	459
Umferðarlagabrot	64.510	73.573	66.570	66.814	62.739	67.424
Öll önnur brot	4.004	3.557	2.751	3.366	3.248	3.231
<b>Samtals</b>	<b>89.121</b>	<b>99.070</b>	<b>90.729</b>	<b>91.665</b>	<b>86.730</b>	<b>92.049</b>



**Mynd 11.** Hlutfallsleg skipting brota annarra en umferðarlagabrota samkvæmt málaskrá 2001 til 2003.

Á mynd 11 má sjá hlutfallslega dreifingu brota annarra en umferðarlagabrota frá 2001 til 2003. Sjá má að þegar umferðarlagabrot eru talin frá þá eru auðgunarbrot hlutfallslega flest, um 44% brota 2001 og 2002 en fóru niður í tæplega 41% árið 2003. Athygli vekur hversu litlar breytingar hafa orðið á hlutfallslegri skiptingu brota milli ára. Þó má sjá að vægi

áfengislagabrotu hefur minnkað á tímabilinu en að sama skapi hefur vægi fíkniefnabrotu vaxið.



**Mynd 12.** Meðalfjöldi skráðra brota á hverjum sólarhring á árunum 2001 til 2003 samkvæmt málaskrá, eftir tegund brots.

Athyglisvert er að skoða meðalfjölda skráðra brota á sólarhring eftir brotaflokkum (mynd 12). Árið 2001 voru að meðaltali skráð 249 brot í málaskrá lögreglu á hverjum sólarhring, 271 árið 2002 og 244 árið 2003. Öll árin var í flestum tilvikum um að ræða umferðarlagabrot en árið 2001 voru að meðaltali skráð 182 umferðarlagabrot á sólarhring, árið 2002 voru þau 202 en fækkaði í 177 árið 2003.


Þá var tilkynnt um 29 auðgunarbrot að meðaltali á sólarhring árið 2001, 31 árið 2002 og 29 árið 2003. Séu sömu upplýsingar skoðaðar út frá meðalfjölda á klukkustund kemur í ljós að um tíu afbrot voru skráð á hverri klukkustund árið 2003, rúmlega 11 árið 2002 og 10 árið 2001. Þar af voru umferðarlagabrot í miklum meirihluta eða 7,4 árið 2003, 8,4 árið 2002 og 7,6 árið 2001.

## Umferðarlagabrot

Líkt og fyrri ár eru umferðarlagabrotin langtum viðamesti málaflókkurinn hjá lögreglu en 72% brota falla þar undir árið 2003. Á töflu 2 sést þróun í fjölda umferðarlagabrota frá 1999 til 2003. Fram kemur að eftir fjölgun brota vegna ölvunar við akstur og aksturs gegn rauðu ljósi frá 1999 til 2000 þá hefur þessum brotum fækkað á síðustu árum. Brotum vegna of hraðs aksturs fækkaði einnig árið 2003 og á það sama við um brot þar sem stöðvunarskylda er ekki virt.

**Tafla 2.** Fjöldi umferðarlagabrota samkvæmt málaskrá 1999 til 2003, eftir tegund brots.


	2003	2002	2001	2000	1999
Akstur gegn rauðu ljósi	2.007	2.281	2.500	2.926	1.487
Stöðvunarskylda ekki virt	885	3.044	1.376	1.113	857
Of hraður akstur	25.342	27.561	23.586	19.718	18.748
Ölvun við akstur	1.764	1.859	2.081	2.482	1.959
Öll önnur umferðarlagabrot	34.512	38.828	37.027	40.575	39.688
<b>Samtals</b>	<b>64.510</b>	<b>73.573</b>	<b>66.570</b>	<b>66.814</b>	<b>62.739</b>




**Mynd 13.** Fjöldi hraðakstursbrota og annarra umferðarlagabrota, samkvæmt málaskrá 1999 til 2003.

Á mynd 13 má sjá fjölda brota vegna of hraðs aksturs annars vegar og annarra umferðarlagabrota hins vegar. Fram kemur að þrátt fyrir fækkun árið 2003 þá eru hraðakstursbrot yfir meðalfjölda brota 1999 til 2002. Fjöldi annarra umferðarlagabrota er hins vegar undir meðalfjölda brota á sama tímabili.

Eins og áður hefur komið fram áttu flest umferðarlagabrot á árunum 2001 til 2003 sér stað á föstudögum en fæst um helgar. Hér hafa umferðaróhöpp, ölvun við akstur og of hraður akstur verið tekin út sérstaklega til að bera hlutfallslega dreifingu þeirra saman við dreifingu annarra umferðarlagabrota eftir vikudögum (mynd 14). Dreifing óhappa er mjög svipuð dreifingu annarra umferðarlagabrota að frátöldum brotum er snúa að ölvun við akstur en um 61% þeirra eiga sér stað um helgar samanborið við rúmlega 27% hraðakstursbrota og tæplega 23% óhappa.



**Mynd 14.** Hlutfallsleg dreifing umferðarlagabrota samkvæmt málaskrá 2003, eftir vikudögum.



**Mynd 15.** Hlutfallsleg dreifing umferðarlagabrota samkvæmt málaskrá 2003, eftir mánuðum.



Þegar litið er til dreifingar umferðarlagabrota og umferðaróhappa eftir mánuðum (mynd 15) vekur athygli að umferðaróhöppum virðist fjölga á sama tíma og umferðarlagabrotum fækkar. Munurinn er sérstaklega áberandi á milli hraðakstursbrota annars vegar og óhappa hins vegar. Hafa ber í huga að þarna gæti tíðarfar haft nokkur áhrif þar sem óhöppum fjölgar gjarnan á veturna en hraðakstur verður meira áberandi á sumrin.

## Auðgunarbrot


Árið 2003 voru 10.041 auðgunarbrot skráð hjá lögreglu (tafla 3). Þetta er 11% fækkun brota frá árinu á undan er tilkynnt var um 11.330 brot. Munar þar einna mestu um fækkun þjófnaða (13%) og innbrota (10%).

Brotum vegna umboðssvika með greiðslukortum fækkar hlutfallslega mest milli ára en á sama tíma fjölgar fjársvikum með greiðslukortum hlutfallslega mest. Munurinn á þessum tveimur brotaflokkum felst í því að annars vegar er um að ræða svik með eigin greiðslukorti (umboðssvik) og hins vegar með korti frá öðrum (fjársvik). Þá fjölgaði tilkynningum um gripdeild um tæplega 73% milli ára en þá er um að ræða þjófnað sem ekki er reynt að leyna heldur er varan eða hluturinn gripinn fyrir allra augum. Athygli vekur hlutfallsleg fjölgun brota er varða fjárákúgun árið 2003. Hafa ber í huga að um mjög fá brot er að ræða á hverju ári og því tilviljunarkennd sveifla mikil.

**Tafla 3.** Fjöldi auðgunarbrota samkvæmt málaskrá 1999 til 2003, eftir tegund brots.

	2003	2002	2001	2000	1999
Innbrot	2.889	3.208	2.857	2.407	2.556
þjófnaður (244)	6.398	7.378	7.022	7.439	6.787
Gripdeild (245)	64	37	36	44	31
Fundið fé, ólögleg meðf. á fundnu fé	32	42	21	37	22
Fjárdráttur, munir (247)	22	14	16	16	20
Fjárdráttur, peningar (247)	87	87	59	53	38
Fjársvik, tékkasvik (248)	29	52	83	105	113
Fjársvik, hótelsvik (248)	5	7	13	17	14
Fjársvik með stolnum tékkum (248)	4	16	9	29	45
Fjársvik, tryggingasvik (248)	3	4	3	3	8
Fjársvik, greiðslukort (248)	70	16	0	0	0
Fjársvik, ýmislegt (248)	246	280	238	199	231
Umboðssvik, greiðslukort (249)	2	23	14	12	12
Umboðssvik, tékkar (249)	1	2	6	1	2
Umboðssvik, ýmislegt (249)	18	18	21	11	7
Átt við tölvubúnað (249a)	1	0	0	0	0
Skilasvik (250)	26	27	16	24	31
Fjárkúgun (251)	4	1	2	4	2
Rán (252)	39	32	39	34	40
Misneyting (253)	7	11	10	9	8
Hylming (254)	53	52	43	30	58
Hylming af gáleysi (263)	7	5	1	1	0
Auðgunarbrot, ýmislegt	34	18	13	7	15
<b>Samtals</b>	<b>10.041</b>	<b>11.330</b>	<b>10.522</b>	<b>10.482</b>	<b>10.040</b>


Þegar þróun síðustu ára er skoðuð má sjá að þrátt fyrir fækkun innbrota árið 2003 þá eru þau yfir meðalfjölda tilkynntra innbrota frá 1999 til 2002 (sjá töflu í viðauka). Fjöldi tilkynntra þjófnaða er hins vegar undir meðaltali enda fækkar þeim verulega milli ára. Ránum fjölgar einnig milli ára og eru yfir meðaltalsfjölda rána á síðustu árunum á undan.




**Mynd 16.** Fjöldi innbrota og þjófnaða samkvæmt málaskrá 1999 til 2003.

Á mynd 16 má sjá nánar þróun í fjölda tilkynntra innbrota og þjófnaða. Fram kemur að innbrotum fjölgaði um 13% frá 1999 og þjófnum fækkaði um tæplega 6%.

Þegar litið er til hlutfallslegrar dreifingar innbrota milli mánaða (mynd 17) má sjá að fæst brot voru tilkynnt á fyrsta ársfjórðungi öll árin en flest á þeim fjórða árið 2001 og 2002 en á þeim þriðja árið 2003.




**Mynd 17.** Hlutfallsleg dreifing innbrota samkvæmt málaskrá 2001 til 2003, eftir mánuðum.



**Mynd 18.** Hlutfallsleg dreifing þjófnaða samkvæmt málaskrá 2001 til 2003, eftir mánuðum.


Árið 2003 voru hlutfallslega flestir þjófnaðir tilkynntir seinnipart sumars (á þriðja ársfjórðungi) en fæstir við upphaf árs (mynd 18). Dreifing brota var svipuð árið 2002 en árið 2001 voru flest brot tilkynnt á öðrum ársfjórðungi.

Eins og fram kemur á mynd 19 voru hlutfallslega flest innbrot tilkynnt á mánudögum árið 2003 (tæplega 16%) og á fimmtudögum (rúmlega 15%). En flestir þjófnaðir voru tilkynntir á mánudögum og þriðjudögum (rúm 16%). Þetta er svipuð dreifing brota eftir vikudögum og árið á undan er hlutfallslega flest innbrot og þjófnaðir voru tilkynnt á mánudögum.



**Mynd 19.** Hlutfallsleg dreifing innbrota og þjófnaða samkvæmt málaskrá árið 2003, eftir vikudögum.

Flest auðgunarbrot árið 2003 áttu sér stað á bifreiðastæðum (28%), í íbúðarhúsum (22%) og í verslunum (19%). Á mynd 20 má sjá vettvang innbrota og þjófnaða árið 2003. Sjá má að flest innbrot (38%) og þjófnaðir (26%) áttu sér stað á bifreiðastæði. Þá voru næstflest innbrot (26%) í íbúðarhúsnæði en næstflestir þjófnaðir voru úr verslunum (23%).



**Mynd 20.** Hlutfallsleg dreifing innbrota og þjófnaða samkvæmt málaskrá árið 2003 eftir brotavettvangi.


## Kynferðisbrot

Árið 2003 voru 359 kynferðisbrot skráð hjá lögreglu sem er aukning frá árinu á undan er 324 brot voru skráð. Fjölgun brota er einkum til komin vegna fleiri tilkynninga um kynferðisbrot gegn börnum yngri en 14 ára en á sama tíma fækkar til dæmis tilkynningum um nauðgun og blygðunarsemisbrot (tafla 4).

**Tafla 4.** Fjöldi kynferðisbrota samkvæmt málaskrá 1999 til 2003.

	2003	2002	2001	2000	1999
Kynferðisbrot, nauðgun (194)	69	74	51	36	48
Kynferðisbrot, ólögsmæt nauðung (195)	2	2	4	4	0
Kynferðisbrot, misneyting (andl. annm., rænuleysi)	26	36	32	17	19
Kynferðisbrot, misneyting (varúðarákv., trúnaðarbrot)	6	6	5	13	10
Misn., kynmök (frekl. misnotkun á aðstöðu) (198.1)	3	0	0	1	0
Kynferðisbrot, önnur kynferðisl. áreitni (198.2)	4	4	11	12	10
Kynferðisbrot, svik (villa um hjúskap, error in persona)	1	0	0	0	0
Kynferðisbrot, sífjaspell (200.1)	4	5	4	4	3
Kynferðisbrot, sífjaspell (önnur kynf. áreitni)	4	10	5	10	3
Kynferðisbrot, sífjaspell (kynmök systkina)	0	1	1	1	1
Kynferðisbrot, mök við börn uppalanda	5	3	8	3	3
Kynferðisbrot, önnur kynf. áreitni við börn uppalanda	5	2	8	5	0
Kynf.brot, mök við yngri en 14 ára (202.1 fyrri málsliður)	8	16	23	18	9
Kynf.brot, við yngri en 14 ára (202.1 seinni málsliður)	7	29	19	20	8
Kynferðisbrot, mök við yngri en 14 ára (202 1. mgr.)	26	1	0	0	0
Kynferðisbrot, við yngri en 14 ára (202 2. mgr.)	28	0	0	0	0
Kynferðisbrot, mök við 14–16 ára	4	2	4	5	5
Gáleysi skv. 201 og 202 (204)	2	1	0	1	1
Kynferðisbrot, vændi (206.1)	4	2	0	0	0
Hagnýting vændis (206.2)	4	1	0	0	2
Ginning, yngri en 18 ára, til lauslætis (206.3)	0	0	0	0	1
Kynferðisbrot, hagnýting lauslætis annarra (206.5)	5	1	0	0	0
Kynferðisbrot, hvatning til flutnings yngri en 21 árs	0	0	1	0	0
Kynferðisbrot, blygðunarsemisbrot (209)	53	56	47	33	49
Kynferðisbrot, klám á prenti (210.1)	0	0	1	2	0
Kynferðisbrot, útbreiðsla kláms (210.2)	7	3	8	7	6
Kynferðisbrot, afhending kláms til yngri en 18 ára	1	0	1	0	0
Kynferðisbrot, varsla á barnaklámi (210.4)	15	17	11	4	7
Kynf.brot, yngri en 18 ára tælt til samræðis (202 3. mgr.)	2	0	0	0	0
Kynferðisbrot, annað	64	52	38	32	45
<b>Samtals</b>	<b>359</b>	<b>324</b>	<b>282</b>	<b>228</b>	<b>230</b>

\*Röð á brotaflokkum er ekki í samræmi við röð á númerum brotaflokka sbr. meginyfirlit aftast í skýrslunni.




**Mynd 21.** Fjöldi kynferðisbrota samkvæmt málaskrá 1999 til 2003, eftir tegund brots.

Á mynd 21 má vel sjá þá þróun sem orðið hefur í fjölda tilkynninga vegna nauðgana, kynferðisbrota gegn yngri en 14 ára og blygðunarsemisbrota undanfarin ár. Sjá má að tilkynningum vegna nauðgunar fækkaði árið 2000 en fjölgaði aftur næstu tvö árin. Árið 2003 fækkaði þeim hins vegar aftur á milli ára. Það sama á við um blygðunarsemisbrot en kynferðisbrotum gegn börnum yngri en 14 ára fjölgaði hins vegar nokkuð árið 2000 og síðan aftur árið 2003.


Á mynd 22 má sjá dreifingu þeirra kynferðisbrota sem skráð voru 2001 til 2003 eftir mánuðum. Sjá má að hlutfallslega flest kynferðisbrot voru tilkynnt í febrúar og desember árið 2003 (10%), í ágúst og september árið 2002 (12 og 11%) en í júlí og ágúst árið 2001 (15 og 14%).

Þegar dreifing tilkynninga vegna kynferðisbrota er skoðuð eftir vikudögum (mynd 23) vekur athygli að árið 2003 voru flest brot tilkynnt á föstudögum en á þriðjudögum og fimmtudögum 2001 og 2002.





**Mynd 22.** Hlutfallsleg dreifing kynferðisbrota samkvæmt málaskrá 2001 til 2003, eftir mánuðum.



**Mynd 23.** Hlutfallsleg dreifing kynferðisbrota samkvæmt málaskrá 2001 til 2003, eftir vikudögum.


## Manndráp og líkamsmeiðingar

Árið 2003 voru 1.304 ofbeldisbrot önnur en kynferðisbrot skráð í málaskrá (tafla 5). Þetta er svipaður fjöldi og árið á undan er 1.330 sambærileg brot voru skráð. Árið 2003 var ekkert manndráp skráð en ein tilraun til manndráps. Fjöldi brota vegna manndráps af gáleysi (í flestum tilvikum tengt umferðaróhöppum) var svipaður milli ára en líkamsmeiðingum vegna gáleysis fækkaði milli ára.


**Tafla 5.** Fjöldi manndrápa og líkamsmeiðinga samkvæmt málaskrá frá 1999 til 2003, eftir tegund brots.

	2003	2002	2001	2000	1999
Manndráp (211)	0	4	1	5	2
Manndráp af gáleysi (215)	8	7	9	8	5
Líkamsárás (217)	1.073	1.085	1.065	1.134	1.082
Líkamsárás, líkamsmeiðingar minni (218.1)	144	147	255	238	200
Líkamsárás, líkamsmeiðingar meiri (218.2)	49	38	69	59	58
Líkamsárás, líkamsmeiðingar, gáleysi (219)	17	31	38	49	31
Brot gegn lífi og líkama (220.4)	2	6	5	0	0
Látið farast fyrir að koma manni í lífsháska til bjargar	0	0	1	0	0
Ekki neytt þeirra bjargarmeðala sem fyrir hendi eru	0	1	1	0	0
Manndráp, tilraun	1	1	5	0	2
Líkamsárás, brot gegn lífi og líkama, ýmislegt	10	10	6	15	13
<b>Samtals</b>	<b>1.304</b>	<b>1.330</b>	<b>1.455</b>	<b>1.508</b>	<b>1.393</b>

Þegar ofbeldisbrot eru skoðuð má sjá að líkt og fyrri ár varð lítil breyting á fjölda líkamsárása (217. gr. hgl.) en alvarlegri líkamsmeiðingum (218. gr. hgl.) fjölgar hins vegar lítillega eftir nokkra fækkun árið 2002. Á mynd 24 má sjá hlutfall líkamsárása og líkamsmeiðinga af heildarfjölda annarra ofbeldisbrota en kynferðisbrota. Fram kemur að frá 1999 hefur hlutfall líkamsárása (217. gr. hgl.) aukist úr tæplega 78% tilkynntra brota í rúmlega 82% en á sama tíma hefur samanlagt hlutfall líkamsmeiðinga (218. gr. hgl.) farið úr tæplega 19% í tæplega 15%.




**Mynd 24.** Hlutfall líkamsárása og líkamsmeiðinga af heildarfjölda ofbeldisbrota samkvæmt málaskrá 1999 til 2003.



**Mynd 25.** Hlutfallsleg dreifing manndrápa og líkamsmeiðinga samkvæmt málaskrá 2001 til 2003, eftir mánuðum.

Á mynd 25 sést að hlutfallsleg dreifing manndrápa og líkamsmeiðinga milli mánaða hefur verið nokkuð svipuð á síðustu árum og voru flest brot tilkynnt á fyrri hluta árs öll árin.


Hlutfallsleg dreifing tilkynntra ofbeldisbrota eftir vikudögum er einnig mjög svipuð milli ára (mynd 26). Flest brot voru tilkynnt á sunnudögum og næstflest á laugardögum öll árin. Fæst brot voru tilkynnt á fimmtudögum 2001 og 2002 en á þriðjudögum og föstudögum árið 2003.



**Mynd 26.** Hlutfallsleg dreifing manndrápa og líkamsmeiðinga samkvæmt málaskrá 2001 til 2003, eftir vikudögum.

Árið 2003 var vettvangur rúmlega 90% ofbeldisbrota skráður í málaskrá. Á mynd 27 má sjá vettvang líkamsárása og líkamsmeiðinga árið 2003. Af þeim minniháttar líkamsárásum (217 gr. hgl.) sem skráðar voru áttu hlutfallslega flestar sér stað á veitinga- eða skemmtistöðum (28%), utandyra (25%) og í íbúðarhúsnæði (26%). Flestar alvarlegar líkamsmeiðingar (218 gr. hgl.) áttu sér jafnframt stað á skemmti- eða veitingastöðum

(28%) og utandyra (24%). Athygli vekur hátt hlutfall alvarlegri ofbeldisbrota inni á stofnunum en þarna er í flestum tilvikum um að ræða skóla, félagsheimili og íþróttahús.



**Mynd 27.** Hlutfallsleg dreifing líkamssárása og líkamsmeiðinga samkvæmt málaskrá 2003, eftir vettvangi brots.


## Fíkniefnabrot

Ólíkt flestum öðrum brotum fjölgaði fíkniefnabrotum árið 2003 og hefur brotum þá fjölgað nánast stöðugt frá 2001 (tafla 6). Frá 2002 hefur fjölgunin verið mest vegna dreifingar og sölu fíkniefna (67%) og vörslu eða neyslu fíkniefna (50%). Þá fjölgaði innflutningsmálum um rúmlega 23% milli ára og brotum þar sem grunur var um framleiðslu um 19%. Hafa ber í huga að ekki er um mörg mál að ræða og því eru sveiflur milli ára oft nokkuð miklar.

**Tafla 6.** Fjöldi fíkniefnabrota frá 1999 til 2003.

	2003	2002	2001	2000	1999
Dreifing, sala	117	70	63	46	69
Innflutningur	149	121	117	103	74
Varsla, neysla	947	632	593	507	693
Framleiðsla	31	26	14	8	7
Ýmis fíkniefnabrot	141	145	124	117	119
<b>Samtals</b>	<b>1.385</b>	<b>994</b>	<b>911</b>	<b>781</b>	<b>962</b>

Samsetning fíkniefnabrota sést nánar á mynd 25. Þar kemur fram að brot er varða vörslu eða neysla fíkniefna fóru úr tæplega 64% fíkniefnabrota árið 2002 í rúmlega 68% árið 2003. Á sama tíma fóru innflutningsbrot úr rúmlega 12% brota í tæplega 11%.

**Mynd 28.** Hlutfallsleg dreifing fíkniefnabrota eftir tegund brota samkvæmt málaskrá 2001 til 2003.

Magn fíkniefna sem lagt er hald á ræðst að mestu af því hversu umfangsmikil mál koma til kasta lögreglu og tollgæslu.

Því geta verið miklar sveiflur milli ára í magni efna sem lagt er hald á, óháð breytingum á fjölda brota á sama tíma. Þó getur það magn sem lagt er hald á gefið vísbendingar um það hvaða efni eru á markaði á hverjum tíma. Þannig komast ákveðin efni í tísku, oft háð öðrum tiskustraumum, eða ný efni koma á markað.


Á töflu 7 má sjá magn efna sem lagt var hald á árið 2003 samanborið við árin á undan. Þar kemur fram að tekin voru tæplega 55 kílógrömm af hassi árið 2003 sem er rúmlega tveimur kílógrömmum minna magn en árið á undan. Þá var lagt hald á tæplega þrjú kílógrömm af amfetamíni árið 2003 sem er nokkru minna en árið á undan er lagt var hald á rúmlega sjö kílógrömm. Á sama tíma var lagt hald á nokkru meira magn af e-töflum eða 3.190 töflur árið 2003 á móti 814 töflum árið áður.

**Tafla 7.** Fíkniefni sem lagt var hald á af lögreglu og tollgæslu árið 1999 til 2003.

	2003	2002	2001	2000	1999
hass (g)	54.967,69	57.563,83	46.857,54	26.630,34	41.622,10
fræ (g)	64,15	198,35	24,52	17,5	48,88
fræ (stk.)	857	408	330,45	940	61
plöntur (stk.)	1.794	1.207	903	73	0
marihuana (g)	3.361,81	1.439,47	1.214,70	5.093,62	502,83
tóbaksblandað hass (g)	320,28	159,07	134,87	117,63	201,99
kannabislauf (g)	9.875,32	3.606,76	0	-	-
Kannabisstönglar (g)	3.677,70	85,65	1,74	-	-
amfetamín(g)	2.945,40	7.161,22	1.018,94	10.267,46	5.078,1
amfetamín (stk.)	309,5	109	2	17,5	57
kókaín(g)	1.192,09	1.869,56	598,87	944,88	955,43
e-tafla(g)	21,22	6,36	293,02	79,22	17,83
e-tafla (stk.)	3.189,75	814,5	93.715,50	22.056,5	7.478
heróín (g)	2,89	0,16	0	0	0,57
LSD (stk.)	1	0	40	15	338,5
LSD (ml)	0	0	0	3	0

Þegar það magn efna sem hald hefur verið lagt á á síðustu sex árum er skoðað (mynd 29) má sjá að þegar á heildina er litið


hefur hald verið lagt á verulega aukið magn af hassi en amfetamín magn hefur sveiflast nokkuð milli ára.



**Mynd 29.** Amfetamín og kannabisefni sem lagt var hald á frá 1998 til 2003.


Á mynd 30 má sjá hve miklar sveiflur hafa verið í magni e-taflna sem hald hefur verið lagt á milli ára. Þetta á sérstaklega við um árið 2001 er mikið magn af efnum var tekið í einni haldlagningu en efnið átti ekki að fara á markað hér á landi.





**Mynd 30.** E-töflur sem lagt var hald á 1998 til 2003.

Eins og sjá má á mynd 31 eru miklar sveiflur í því hvar hald er lagt á fíkniefni. Þannig voru nánast allar e-töflur sem lagt var hald á árið 2000 teknar á landamærum en árið 2003 var sambærilegt hlutfall um 1%. Svipaðar sveiflur má sjá þegar skoðað er hlutfall amfetamíns sem lagt var hald á á landamærum en eftir mikla niðursveiflu 2000 til 2002 fór hlutfallið aftur upp árið 2003.




**Mynd 31.** Hlutfall efnis sem lagt var hald á af lögreglu og tollgæslu á landamærum 2000 til 2003.

Á töflu 8 sjást þau efni sem hald var lagt á í innflutningsmálum eftir því hvar reynt var að smygla þeim inn í landið. Árið 2003 var lagt hald á rúmlega 11 kílógrömm af hassi er reynt var að smygla þeim með flugi til landsins. Þetta er töluvert minna magn en árin á undan. Að sama skapi fannst meira magn af hassi árið 2003 er reynt var að smygla efninu með skipi samanborið við árin á undan. Athygli vekur lítið magn e-taflna en ólíkt fyrri árum var lagt hald á mest af e-töflum í tengslum við vörslu eða sölu efnanna en ekki innflutning þeirra.

**Tafla 8.** Innflutningsleiðir 2001 til 2003 eftir tegund efnis.

	Flug			Skip			Póstur		
	2003	2002	2001	2003	2002	2001	2003	2002	2001
Hass(g)	11.123,31	34.382,35	31.406,04	36.090,04	29.809,79	2.144,64	1.617,03	820,97	10.588,95
Amfetamín(g)	71,48	1.100,04	74,33	1.398,81	0	0	74,67	12,54	57,81
Kókaín(g)	1.030,52	1.512,05	245,59	0	0	0		60,65	212,65
E-töflur(stk.)	0	28,5	75.750		0	0	33	0	17.401

Í innflutningsmálum finnast efnin oftast við leit á tollsvæðum eða í tæplega 57% tilvika árið 2003 (mynd 32). Þá er jafnan um að ræða efni sem koma til landsins með póstsendingum eða í farangri farþega sem fara um Keflavíkurflugvöll. Næstalgengast er að fíkniefni finnist á líkama fólks. Þá eru efnin í flestum tilvikum límd utan á líkamann eða geymd í vasa. Efni sem geymd voru innvortis fundust hins vegar flest í endaparmi.



**Mynd 32.** Fundarstaður þeirra efna sem lagt var hald á í innflutningsmálum 2000 til 2002.

Þegar litið er til þess hvaðan þau efni sem lagt var hald á hér á landi árið 2003 koma má sjá að líkt og fyrri ár kom mest af hassi frá Danmörku og mest af amfetamíni frá Hollandi (tafla 9).

Tafla 9. Fíkniefni sem lagt var hald á árið 2003 eftir því frá hvaða landi þau komu.

	Hass (g)	Kannabisfræ (g)	Kannabisfræ (stk.)	Kannabislauf (g)	Marihuana (g)	Tóbaksbl. hass (g)	Amfetamín (g)	Kókaín (g)	E-töflur (stk.)
Belgía					4,88				
Brasilía	86,74								
Bretland	596,84				19,34		116,64	37,14	
Danmörk	42.498,16	10,97	10	1,99	57,74	11,34	343,65	424,09	5
Frakkland	14,79								
Holland	1.024,50		100		992,18		1.081,51	324,94	
Ítalía	28,48								
Nepal	1.166,35								
Noregur	183,44								
Óþekkt	2,43								
Portúgal	21,4								
Pólland	0							125,13	28
Spánn	3.050,45				0,91				
Sviss	3,02				2,14				
Svíþjóð	0,58								
Þýskaland	153,20				1,01		3,16	119,22	
Tekið á Íslandi	6.137,31	53,18	747	9.873,33	2.283,61	308,94	1.400,44	161,57	3.156,75
<b>Samtals</b>	<b>54.967,69</b>	<b>64,15</b>	<b>857</b>	<b>9.875,32</b>	<b>3.361,81</b>	<b>320,28</b>	<b>2.945,40</b>	<b>1.192,09</b>	<b>3.189,75</b>

## Eignaspjöll


Eins og sjá má á töflu 10 fækkaði eignaspjöllum um rúmlega 6% árið 2003 en þeim hafði einnig fækkað árið 2002 um 7%. Flest eignaspjöll eru minniháttar en þeim fækkaði meira milli ára en meiriháttar brotum.

**Tafla 10.** Fjöldi eignaspjalla samkvæmt málaskrá frá 1999 til 2003.


	2003	2002	2001	2000	1999
Eignaspjöll , minniháttar	3.812	4.071	4.372	4.077	4.139
Eignaspjöll, meiriháttar	71	70	91	105	103
<b>Samtals</b>	<b>3.883</b>	<b>4.141</b>	<b>4.463</b>	<b>4.182</b>	<b>4.242</b>

Dreifing eignaspjalla var nokkuð jöfn milli mánaða á árunum 2001 til 2003 (mynd 33) og var dreifingin nánast eins öll árin. Árið 2003 voru hlutfallslega flest eignaspjöll tilkynnt í janúar en fæst í nóvember, en eins og áður segir er munur milli mánaða mjög lítill.

Dreifing eignaspjalla eftir vikudögum er einnig nánast eins öll árin (mynd 34). Hlutfallslega flest brot voru tilkynnt um helgar (38-39% ) en fæst í miðri viku.




**Mynd 33.** Hlutfallsleg dreifing eignaspjalla samkvæmt málaskrá 2001 til 2003, eftir mánuðum.



**Mynd 34.** Hlutfallsleg dreifing eignaspjalla samkvæmt málaskrá 2001 til 2003, eftir vikudögum.

Vettvangur eignaspjalla var þekktur í tæplega 96% tilvika árið 2003 (mynd 35). Fram kemur að flest brot áttu sér stað á bifreiðastæði (32%). Þá áttu tæplega 20% brota sér stað í íbúðarhúsnæði og tæplega 15% við stofnanir.



Mynd 35. Hlutfallsleg dreifing eignaspjalla samkvæmt málaskrá 2003, eftir vettvangi.


## Nytjastuldur

Árið 2003 voru 412 nytjastuldir skráðir í málaskrá. Þetta er nokkur fækkun frá árinu á undan (27%) en það ár fjölgaði brotum verulega eða um 46%.

Tafla 11. Fjöldi nytjastulda samkvæmt málaskrá 1999 til 2003, eftir tegund brots.

	2003	2002	2001	2000	1999
Nytjastuldur vélknúinna farartækja (259.1)	385	525	361	387	430
Nytjastuldur, annað (259.2)	27	41	27	40	26
<b>Samtals</b>	<b>412</b>	<b>566</b>	<b>388</b>	<b>427</b>	<b>456</b>


Athyglisvert er að skoða dreifingu nytjastuldarbrota milli mánaða (mynd 36). Fram kemur að fækkun brota árið 2003 átti sér að mestu stað á seinni hluta árs en það sama á við um fjölgun brota árið á undan. Þegar á heildina er litið voru hlutfallslega flest nytjastuldarbrot tilkynnt seinni hluta árs 2001 og 2002 en á fyrri hluta árs 2003.



**Mynd 36.** Hlutfallsleg dreifing nytjastuldarbrota samkvæmt málaskrá 2001 til 2003, eftir mánuðum.

Á mynd 37 má sjá dreifingu nytjastulda eftir vikudögum. Þar kemur fram að árið 2003 voru flest brot tilkynnt á laugardögum (18%), á föstudögum árið 2002 (16%) og á mánudögum árið 2001 (18%).





**Mynd 37.** Hlutfallsleg dreifing nytjastuldarbrota samkvæmt málaskrá árið 2001 til 2003, eftir vikudögum.

## Brot gegn valdstjórninni


Árið 2003 meira en tvöfaldaðist fjöldi brota gegn valdstjórninni eftir nokkuð stöðuga fækkun árin á undan. Þessi aukning skýrist að mestu af breytingum á skráningu en árið 2002 var nýjum brotaflokkum bætt við í málaskrá. Annars vegar var um að ræða brot gegn 19. gr. lögreglulaga númer 90/1996 (fyrirmælum lögreglu ekki hlýtt) og hins vegar gegn 21. gr. sömu laga (bann við að tálma lögreglu í störfum sínum).

Þá fjölgaði brotum vegna ofbeldis gagnvart lögreglumönnum árið 2003 eftir nokkra fækkun árin á undan (tafla 12).


**Tafla 12.** Fjöldi brota gegn valdstjórninni samkvæmt málaskrá 1999 til 2003, eftir tegund brots.

	2003	2002	2001	2000	1999
Lögr.menn, ofbeldi gagnvart lögreglumanni (106–107)	88	68	80	102	127
Opinb. starfsm., ofbeldi gagnv. opinberum starfsmanni	7	10	8	6	4
Ærumeiðingar gagnvart opinberum starfsm. (242–2b)	0	0	0	1	4
Mútur (109)	0	0	1	0	0
Fangar, samblástur (110)	0	0	0	0	2
Fangar, aðst. við fanga eða brotamann (111–112)	1	1	1	0	1
Innsigli, innsiglisrof (113)	6	8	7	6	13
Beiting líkaml. ofb., ólögmaet nauðung eða hótun	6	6	4	2	0
Fyrirmælum lögreglu ekki hlýtt (19. gr. 90/1996)	97	2	0	0	0
Bann við að tálma lögr. í störfum sínum (21. gr. 90/1996)	25	1	0	0	0
Valdstjórnin, önnur brot gegn valdstjórninni	11	22	25	16	9
<b>Samtals</b>	<b>241</b>	<b>118</b>	<b>126</b>	<b>133</b>	<b>160</b>

Þegar dreifing ofbeldisbrota gagnvart lögreglumönnum er skoðuð eftir mánuðum (mynd 38) veur athygli að fjölgun brota virðist, líkt og með fækkun brota 2002, einna helst hafa átt sér stað á fyrri hluta ársins. Þegar heildardreifing brota yfir árið er skoðuð má sjá að hlutfallslega flest ofbeldisbrot gagnvart lögreglumönnum voru tilkynnt á fyrsta ársfjórðungi árið 2003 (27%) en á öðrum ársfjórðungi árið 2002 (32%) og 2001 (35%).




**Mynd 38.** Hlutfallsleg dreifing brota er snúa að ofbeldi gegn lögreglumönnum samkvæmt málaskrá 2001 til 2003, eftir mánuðum.



**Mynd 39.** Hlutfallsleg dreifing brota er snúa að ofbeldi gegn lögreglumönnum samkvæmt málaskrá 2001 til 2003, eftir vikudögum.

Líkt og fyrri ár voru flest brot gegn lögreglumönnum tilkynnt á laugardögum og sunnudögum árið 2003. Þá var dreifing brota á virkum dögum mun jafnari árið 2003 en árin á undan þegar sveiflur voru mun meiri (mynd 39).

Athyglisvert er að skoða hvar brot þar sem grunur var um ofbeldi gagnvart lögreglumanni áttu sér stað árið 2003 (mynd 40). Árið 2003 áttu hlutfallslega flest brot sér stað utandyra (37%) og í íbúðarhúsnæði (30%). Þá áttu tæplega 14% brota sér stað inni á skemmtistöðum eða veitingastöðum og rúmlega 10% inni á stofnunum.



**Mynd 40.** Hlutfallsleg dreifing brota er snúa að ofbeldi gegn lögreglumönnum samkvæmt málaskrá 2003, eftir vettvangi.


## Skjalafals

Brotum á lögum um skjalafals fækkaði um tæplega 34% árið 2003 eftir tæplega 29% aukningu árið á undan. Þegar litið er til þróunar síðustu fimm ára þá hefur brotum á lögum um skjalafals fækkað um 17%. Munar þar mestu um fækkun brota er varða tékkafals (82%), peningafals (69%) og fölsun í tengslum við greiðslukort (61%).

**Tafla 13.** Fjöldi skráðra brota á lögum um skjalafals samkvæmt málaskrá 1999 til 2003, eftir tegund brots.

	2003	2002	2001	2000	1999
Fölsun, peningafals (150–152)	16	33	69	35	52
Fölsun á annarsk. gjaldm. en pen.	2	2	4	0	0
Fölsun, tékkar	17	42	31	48	94
Fölsun, greiðslukort	17	23	34	62	44
Fölsun, víxlar	12	19	10	14	7
Fölsun, skuldabréf	18	27	19	31	18
Fölsun, lyfseðlar	32	49	18	38	20
Fölsun, skjalafals (155)	128	163	84	105	95
Fölsun, annað	18	34	37	24	47
Skjöl, skjalasvik (156)	2	3	3	7	3
Skjöl, misnotkun skjala (157)	63	108	85	87	24
Skjöl, rangfærsla skjala (158)	10	6	3	1	3
Rangfærsla sönnunargagna (162–163)	1	0	0	0	2
Skjöl, röng notk. stimpils eða merkis (159)	3	3	1	2	3
Skjöl, önnur gagnabrot	1	1	0	1	0
<b>Samtals</b>	<b>340</b>	<b>513</b>	<b>398</b>	<b>455</b>	<b>412</b>

Á mynd 41 sést þessi þróun nánar. Eins og sjá má hefur dregið verulega úr hlutfalli tékkafalsbrota af heildarfjölda brota er varða skjalafals. Sama má segja um peningafals og fölsun í tengslum við greiðslukort. Á sama tíma hafa skjalafals, misnotkun skjala og fölsun lyfseðla fengið aukið vægi í brotum er varða skjalafals.



**Mynd 41.** Hlutfall nokkurra brota er varða skjalafals af heildarfjölda skjalafalsbrota samkvæmt málaskrá 1999 til 2003.


## Brot gegn friðhelgi einkalífs

Á töflu 14 má sjá fjölda brota gegn friðhelgi einkalífs frá 1999 til 2003. Sjá má að árið 2003 fjölgaði brotum um 15% eftir nokkuð stöðugan brotafjölda árin á undan. Þegar síðustu fimm ár eru skoðuð má sjá að fjölgun brota er einkum til komin vegna fjölgunar tilkynninga um ærumeiðingar og hótanir.


**Tafla 14.** Fjöldi skráðra brota á friðhelgi einkalífs samkvæmt málaskrá 1999 til 2003, eftir tegund brots.

	2003	2002	2001	2000	1999
Húsbrot (231)	201	185	182	166	187
Ofsóknir, áminningar (232)	8	6	21	15	15
Hótanir (233)	473	419	383	379	337
Ærumeiðingar (234)	26	24	21	15	9
Brot gegn nálgunarbanni (232)	6	1	3	0	0
Hnýst í gögn sem geyma uppl. um einkam. annarra	4	0	0	0	0
Opinb. skýrt frá einkamálefnum annars manns	1	0	0	0	0
Friðhelgi, brot gegn friðhelgi	155	123	149	182	163
<b>Samtals</b>	<b>874</b>	<b>758</b>	<b>759</b>	<b>757</b>	<b>711</b>

Á mynd 42 sést dreifing hótana 2001 til 2003 eftir mánuðum. Sjá má að dreifingin er nokkuð jöfn yfir árið öll árin. Árið 2003 voru hlutfallslega flest brot tilkynnt í nóvember (11%) en fæst í janúar (6%).



**Mynd 42.** Hlutfallsleg dreifing skráðra hótana samkvæmt málaskrá 2001 til 2003, eftir mánuðum.



**Mynd 43.** Hlutfall hótana samkvæmt málaskrá 2001 til 2003, eftir vikudögum.

Árið 2003, líkt og árin á undan, voru hlutfallslega flestar hótanir tilkynntar á mánudögum (mynd 43). Hafa ber í huga að um er að ræða dagsetningu tilkynningar en ekki brots.


## Brot gegn áfengislögum

Árið 2003 fjölgaði brotum gegn áfengislögum lítillega eftir fækkun árið á undan. Flest brot gegn áfengislögum eru vegna ölvunar á almannafæri. Þeim fjölgaði lítillega árið 2003 eftir nokkra fækkun árin á undan (tafla 15).



**Tafla 15.** Fjöldi brota gegn áfengislögum samkvæmt málaskrá 1999 til 2003, eftir tegund brots.


	2003	2002	2001	2000	1999
Ólöglegur tilbúningur áfengis (bruggun)	20	23	13	27	36
Ólögleg sala áfengis	33	28	28	29	44
Áfengi veitt til yngri en 20 ára	22	25	37	68	34
Brot á reglum um áfengisauglýsingar	10	4	9	14	10
Áfengi borið inn á veitingastað í óleyfi	3	1	1	7	7
Dvöl ungmennis yngri en 18 ára á vínveitingastað	43	55	63	86	79
Ölvun á almannaþæri (21 gr.)	1.741	1.721	1.932	2.257	1.938
Innflutningur yngri en 20 ára á áfengi	2	0	0	0	0
Varsla á áfengi sem látið hefur verið af hendi andstætt ákvæðum áfengislaga	13	11	16	17	25
Áfengislög, ýmislegt	122	116	131	160	124
<b>Samtals</b>	<b>2.009</b>	<b>1.984</b>	<b>2.230</b>	<b>2.665</b>	<b>2.297</b>



**Mynd 44.** Hlutfallsleg dreifing brota gegn lögum um ölvun á almannaþæri samkvæmt málaskrá 2001 til 2003, eftir mánuðum.

Þegar dreifing brota vegna ölvunar á almannaþæri árið 2003 er skoðuð eftir mánuðum (mynd 44) vekur athygli hlutfallsleg

fækkun brota fyrri hluta árs samanborið við árið á undan. Hlutfallslega fæst brot vegna ölvunar á almannafæri voru skráð í ágúst árið 2003 (14%), í júlí árið 2002 (11%) og júní og júlí árið 2001 (11%). Almennt voru þó hlutfallslega flest brot tilkynnt á öðrum og þriðja ársfjórðungi öll árin, það er frá apríl og fram í september.



**Mynd 45.** Hlutfallsleg dreifing brota gegn lögum um ölvun á almannafæri samkvæmt málaskrá 2001 til 2003, eftir vikudögum.

Þrátt fyrir breytingar á dreifingu brota milli mánaða er dreifingin milli vikudaga mjög svipuð öll árin. Flest brot áttu sér stað á laugardögum og sunnudögum en fæst frá mánudegi til föstudags (mynd 45).

## Kærðir 2001 til 2003

Hér er fjallað um þá sem kærðir voru fyrir afbrot á árunum 2001 til 2003. Annars vegar er fjallað um fjölda einstaklinga (kærðir) og hins vegar hversu oft þeir voru kærðir (kærur). Ekki er hægt að bera þennan fjölda saman við fjölda brota þar sem stundum eru margir einstaklingar kærðir fyrir sama brotið.

### Hegningarlagabrot

Árið 2003 voru 3.536 einstaklingar kærðir fyrir hegningarlagabrot, 2.816 karlar og 720 konur. Einstaklingum kærðum fyrir hegningarlagabrot fækkaði um tæplega 12% frá árinu á undan eftir rúmlega 3% fjölgun árið 2002 (tafla 16).

**Tafla 16.** Fjöldi kærðra einstaklinga samkvæmt málaskrá 2001 til 2003, eftir kyni.


	<b>2003</b>	<b>2002</b>	<b>2001</b>
Karlar	2.816	3.076	3.093
Konur	720	927	784
<b>Samtals</b>	<b>3.536</b>	<b>4.003</b>	<b>3.877</b>

Flestir þeirra sem kærðir voru fyrir hegningarlagabrot á tímabilinu voru á aldrinum 15 til 19 ára, tæplega 32% árið 2001, rúmlega 29% árið 2002 og 26% árið 2003 (tafla 17).


**Tafla 17.** Fjöldi kærðra einstaklinga í hegningarlagabrotum samkvæmt málaskrá 2001 til 2003, eftir aldri.

	<b>2003</b>	<b>2002</b>	<b>2001</b>
Uppl. vantar	8	6	3
Yngri en 15	112	230	277
15-19	921	1.170	1.223
20-24	702	748	726
25-29	400	401	403
30-34	329	347	298
35-39	288	306	259
40-44	255	250	230
45-49	195	210	163
50-54	128	128	108
55-59	86	88	78
60 og eldri	112	119	109
<b>Samtals</b>	<b>3.536</b>	<b>4.003</b>	<b>3.877</b>

Aldursdreifing kærðra er sýnd nánar á mynd 46. Fram kemur að hlutfallslega flestir þeirra sem kærðir voru fyrir hegningarlagabrot á tímabilinu voru á 18. eða 19. aldursári síðan fellur hlutfallið hratt og fer undir 2% meðal 26 ára og fellur hratt eftir það. Athygli vekur að á tímabilinu hefur hlutfall þeirra sem eldri eru vaxið lítillega. Þetta má einnig sjá á töflu 16 en þar kemur fram að ekki er um að ræða fjölgun í eldri aldurshópunum heldur skýrist fækkun í fjölda kærðra milli 2002 og 2003 einkum í færri einstaklingum í yngstu aldurshópunum.



**Mynd 46.** Hlutfall þeirra sem kærðir voru fyrir hegningarlagabrot samkvæmt málaskrá 2001 til 2003, eftir aldri.



**Mynd 47.** Fjöldi kæra í hegningarlagabrotum og fjöldi einstaklinga sem kærðir voru fyrir hegningarlagabrot 2001 til 2003.

Árið 2001 voru kærur vegna hegningarlagabrota 7.415, árið 2002 voru þær 8.166 og 7.072 árið 2003 (mynd 47). Öll árin var hver einstaklingur að meðaltali kærður fyrir tvö brot. Flest þeirra brota sem kært var fyrir voru þjófnaðarbrot og eignaspjöll en einnig var nokkuð um kærur vegna minniháttar líkamsárása (tafla 18).

**Tafla 18.** Fjöldi kæra í hegningarlagabrotum samkvæmt málaskrá 2001 til 2003, eftir tegund brots.

	2003	2002	2001
Eignaspjöll, minniháttar skemmdarverk (257.1)	950	1.098	1.189
Fjárdráttur, peningar (247)	72	67	47
Fjársvik, ýmislegt (248)	218	284	207
Friðhelgi, brot gegn friðhelgi, ýmislegt	72	37	51
Fölsun, skjalafals (155)	107	169	94
Gripdeild (245)	50	41	36
Hylming (254)	63	72	89
Hótanir (233)	346	254	229
Húsbrot (231)	187	126	192
Innbrot	440	611	761
Kynferðisbrot, nauðgun (194)	56	53	39
Líkamsárás (217)	887	868	942
Líkamsárás, líkamsmeiðingar meiri (218.2)	46	44	76
Líkamsárás, líkamsmeiðingar minni (218.1)	138	136	185
Lögreglumenn, ofbeldi gagnvart lögreglumönnum (106–107)	81	74	88
Nytjastuldur vélknúinna farartækja (259.1)	167	232	186
Rán (252)	38	35	40
Skjöl, misnotkun skjala (157)	63	112	81
Þjófnaður (244)	2.270	2.856	2.038
Önnur brot	821	997	845
<b>Samtals</b>	<b>7.072</b>	<b>8.166</b>	<b>7.415</b>

Af þeim sem kærðir voru fyrir hegningarlagabrot voru 94% með íslenskan ríkisborgararétt<sup>4</sup> árið 2003, sem er svipað og fyrri ár (tafla 19).

<sup>4</sup> Hafa ber í huga að hér er bæði um að ræða einstaklinga búsetta hér á landi og þá sem koma hingað tímabundið.

**Tafla 19.** Hlutfall þeirra sem kærðir voru fyrir hegningarlagabrot samkvæmt málaskrá 2001 til 2003, eftir ríkisfangi.

	<b>2003</b>	<b>2002</b>	<b>2001</b>
Ísl. ríkisborgararéttur	93,9	93,3	94,4
Erl. ríkisborgararéttur	6,1	6,7	5,6


## Fíkniefnabrot

Árið 2001 voru 738 einstaklingar kærðir fyrir fíkniefnabrot, árið 2002 voru þeir 829 og 1.057 árið 2003. Eins og fram kemur á töflu 20 er mikill meirihluti kærðra karlar eða um 88% árið 2001 og 2002 og 85% árið 2003.

**Tafla 20.** Fjöldi einstaklinga sem kærðir voru fyrir fíkniefnabrot samkvæmt málaskrá 2001 til 2003, eftir kyni.

	<b>2003</b>	<b>2002</b>	<b>2001</b>
Karlar	902	726	652
Konur	155	103	86
<b>Samtals</b>	<b>1.057</b>	<b>829</b>	<b>738</b>

Á mynd 48 má sjá aldersdreifingu þeirra sem kærðir voru fyrir fíkniefnabrot á tímabilinu. Flestir kærðra voru á aldrinum 20 til 24 ára en hlutfall 15 til 19 ára fór vaxandi á tímabilinu. Athygli vekur hversu brött kúrfan er, þ.e. hversu fáir kærðra eru 35 ára eða eldri.



**Mynd 48.** Hlutfall þeirra sem kærðir voru fyrir fíkniefnabrot samkvæmt málaskrá 2001 til 2003, eftir aldri.

Á síðustu misserum hefur mikil umræða verið um þátt erlendra ríkisborgara í fíkniefnabrotum hér á landi. Á töflu 21 sést hlutfall einstaklinga með erlent ríkisfang af kærðum í fíkniefnabrotum eftir tegund brots. Fram kemur að einstaklingar með annað ríkisfang en íslenskt voru helst kærðir fyrir innflutning fíkniefna. Þannig voru einstaklingar með erlent ríkisfang 19% kærðra í innflutningsbrotum árið 2001, rúmlega 29% kærðra árið 2002 og 25% árið 2003. Einstaklingar með erlent ríkisfang komu mun síður við sögu í öðrum fíkniefnabrotum, þá helst brotum er varða framleiðslu fíkniefna.

**Tafla 21.** Hlutfall einstaklinga með erlent ríkisfang af kærðum í fíkniefnabrotum samkvæmt málaskrá 2001 til 2003, eftir tegund brots.

	2003	2002	2001
Fíkniefni, dreifing, sala	1,7	2,9	1,5
Fíkniefni, framleiðsla	5,6	14,3	11,1
Fíkniefni, innflutningur	25,3	29,1	19,2
Fíkniefni, varsla, neysla	2,0	2,6	2,2
Fíkniefni, ýmis fíkniefnabrot	2,3	1,1	3,7



## Umferðarlagabrot

Árið 2003 voru 34.009 einstaklingar og 527 fyrirtæki kærð vegna umferðarlagabrota. Þetta er fækkun frá árinu á undan en svipaður fjöldi og árið 2001 (tafla 22).

**Tafla 22.** Fjöldi þeirra sem kærðir voru fyrir umferðarlagabrot samkvæmt málaskrá 2001 til 2003, greint eftir kyni.

	2003	2002	2001
Karlar	24.808	27.836	24.964
Konur	9.201	10.362	9.020
Fyrirtæki	527	632	693
<b>Samtals</b>	<b>34.536</b>	<b>38.830</b>	<b>34.677</b>


Flestir þeirra sem kærðir voru fyrir umferðarlagabrot á tímabilinu voru á aldrinum 15-19 ára (tafla 23). Athygli vekur að 2003 og 2002 voru fleiri ökumenn á aldrinum 55 til 59 ára kærðir fyrir umferðarlagabrot en ökumenn á aldrinum 50 til 54 ára.

**Tafla 23.** Fjöldi kærðra einstaklinga í umferðarlagabrotum samkvæmt málaskrá 2001 til 2003, eftir aldri.

	2003	2002	2001
yngrir en 15	13	12	17
15-19	5.345	5.922	5.574
20-24	4.124	4.796	4.510
25-29	3.815	4.255	3.713
30-34	3.766	4.258	3.771
35-39	3.682	4.186	3.740
40-44	3.229	3.644	3.000
45-49	2.563	2.793	2.317
50-54	1.824	1.892	1.436
55-59	2.394	2.718	2.016
60 ára og eldri	2.938	3.408	3.603
<b>Samtals</b>	<b>33.693</b>	<b>37.884</b>	<b>33.697</b>

Þau tilvik þar sem um er að ræða fyrirtæki eða einstakling sem ekki er skráður eftir kennitölu eru ekki talin með hér.

Aldursdreifing þeirra sem kærðir eru er sýnd nánar á mynd 49. Fram kemur að hlutfallslega flestir þeirra sem kærðir voru fyrir umferðarlagabrot á tímabilinu voru á 18. eða 19. aldursári.



**Mynd 49.** Hlutfall þeirra sem kærðir voru fyrir umferðarlagabrot samkvæmt málaskrá 2001 til 2003, eftir aldri.

Af þeim sem kærðir voru fyrir umferðarlagabrot voru 95% með íslenskan ríkisborgararétt sem er svipað hlutfall og árin á undan (tafla 24).

**Tafla 24.** Hlutfall þeirra sem kærðir voru fyrir umferðarlagabrot samkvæmt málaskrá 2001 til 2003, eftir ríkisfangi.

	2003	2002	2001
Ísl. ríkisborgararéttur	94,7	95,6	95,9
Erl. ríkisborgararéttur	5,3	4,4	4,1

## Fjöldi brota eftir embættum

Þegar þróun brota er skoðuð er mikilvægt að geta borið hana saman eftir landsvæðum, m.a. til að skoða hvort hún er eins á landinu öllu eða bundin við einstök landsvæði. Í þeim samanburði er mikilvægt að hafa einhvers konar viðmið til að gera samanburð mögulegan. Dæmi um slík viðmið eru stærð landsvæðis, fjöldi lögreglumanna og fjöldi íbúa. Hér er miðað við hið síðastnefnda og þannig leitast við að bera saman þróun brota eftir landsvæðum og embættum miðað við 10.000 íbúa. Hafa ber í huga að hjá mörgum embættum er um mjög fá mál að ræða og því geta sveiflur milli ára verið miklar. Upplýsingar um íbúafjölda og skiptingu eftir landsvæðum má finna í viðauka.


Á töflu 25 sést hlutfall brota og verkefna eftir landsvæðum.<sup>5</sup> Sjá má að 76% tilkynntra hegningarlaga brota áttu sér stað á höfuðborgarsvæðinu, tæplega 61% sérrefsilaga brota annarra en umferðarlaga brota og tæplega 55% umferðarlaga brota. Þá áttu tæplega 50% rannsóknarskyldra verkefna og 61% annarra verkefna sér stað á höfuðborgarsvæðinu. Næstflest brot áttu sér stað á Suðurlandi eða rúmlega 11% hegningarlaga brota, 15% sérrefsilaga brota annarra en umferðarlaga brota og um 20% umferðarlaga brota. Fæst brot áttu sér stað á Austurlandi eða tæplega 2% hegningarlaga brota, 5% sérrefsilaga brota og 3% umferðarlaga brota.

---

<sup>5</sup> Skiptingu í landsvæði má sjá í viðauka.

**Tafla 25.** Hlutfallsleg dreifing brota og verkefna samkvæmt málaskrá árið 2003, eftir landsvæðum.

	Hegningarlagabrot	Sérrefsilagabrot	Umferðarlagabrot	Rannsóknarsk.verkefni	Önnur verkefni	Samtals
Höfuðborgarsvæðið	76,0	61,3	54,7	49,5	60,8	58,6
Vesturland og Vestfirðir	3,6	8,0	10,7	5,7	9,6	8,8
Norðurland	7,4	10,0	11,4	16,1	11,9	11,0
Austurland	1,7	5,3	3,0	2,1	5,0	3,0
Suðurland	11,3	15,4	20,2	26,6	12,7	18,6
<b>Samtals</b>	<b>100</b>	<b>100</b>	<b>100</b>	<b>100</b>	<b>100</b>	<b>100</b>




**Mynd 50.** Fjöldi hegningarlagabrota, umferðarlagabrota og annarra sérrefsilagabrota samkvæmt málaskrá 2003 miðað við 10.000 íbúa. Greint eftir landsvæðum.

Þegar fjöldi brota er skoðaður eftir landsvæðum og tillit er tekið til íbúafjölda breytist myndin nokkuð (mynd 50). Hegningarlagabrot eru enn hlutfallslega flest á höfuðborgarsvæðinu (733) en fæst miðað við íbúafjölda á Austurlandi (256) og Vesturlandi og á Vestfjörðum (277). Önnur sérrefsilagabrot en umferðarlagabrot eru hins vegar flest miðað við íbúafjölda á Austurlandi (289) og þar á eftir á Suðurlandi (258). Árið 2003 voru fæst sérrefsilagabrot önnur en umferðarlagabrot á hverja 10.000 íbúa á Norðurlandi (178).

Dreifing umferðarlagabrota eftir landsvæðum árið 2003 tekur einnig nokkrum breytingum þegar tekið er tillit til íbúafjölda. Þannig voru hlutfallslega flest umferðarlagabrot framin á höfuðborgarsvæðinu en flest miðað við íbúafjölda á Suðurlandi (3.317) en fæst á Austurlandi (1.619).

Eins og áður hefur komið fram fækkaði hegningarlagabrotum árið 2003. Á mynd 51 sést að svo er einnig þegar tekið er tillit til íbúafjölda en hegningarlagabrotum á hverja 10.000 íbúa fækkaði um 10% milli ára. Fækkun brota var hlutfallslega mest á Ólafsfirði og í Bolungarvík en á sama tíma fjölgaði brotum hlutfallslega mest á Siglufirði og Akureyri.

## Fjöldi hegningarlagabrota miðað við 10.000 íbúa




**Mynd 51.** Fjöldi hegningarlagabrota miðað við 10.000 íbúa samkvæmt málaskrá 2002 og 2003, eftir embættum.

Árið 2003 voru skráð 246 sérrefsilagabrot á hverja 10.000 íbúa (mynd 52). Flest brot miðað við íbúafjölda voru skráð á Ísafirði (515) en fæst á Vík (39). Sérrefsilagabrotum fjölgaði um


33% milli ára þegar skoðuð eru brot miðað við 10.000 íbúa sem m.a. skýrist af fjölgun fíkniefnabrota.

Mest fækkaði brotum í Búðardal og Vestmannaeyjum en brotum miðað við íbúafjölda fjölgaði hlutfallslega mest á Seyðisfirði og Ísafirði.



**Mynd 52.** Fjöldi sérrefsilagabrota á hverja 10.000 íbúa skráð í málaskrá 2002 og 2003, eftir embættum.

## Fjöldi umferðarlagabrota miðað við 10.000 íbúa



**Mynd 53.** Fjöldi umferðarlagabrota á hverja 10.000 íbúa samkvæmt málaskrá 2002 og 2003, eftir embættum.

Árið 2003 voru skráð 2.238 umferðarlagabrot á hverja 10.000 íbúa sem er 13% fækkun frá árinu á undan (mynd 53). Flest brot



miðað við 10.000 íbúa voru skráð á Hólmavík (10.651) en fæst á Siglufirði (79). Þegar þróun milli ára er skoðuð má sjá að brotum fjölgaði hlutfallslega mest á Seyðisfirði og í Vík en fækkaði hins vegar mest á Húsavík og Akureyri.

**Tafla 26.** Fjöldi auðgunarbrot samkvæmt málaskrá 2003 eftir landsvæðum, hlutfallsleg skipting og fjöldi miðað við 10.000 íbúa.


	<b>Fjöldi</b>	<b>Hlutfall í %</b>	<b>Fjöldi m.v. 10.000 íbúa</b>
Höfuðborgarsvæðið	7.985	80,1	444,2
Vesturland og Vestfirðir	246	2,5	109,6
Norðurland	588	5,9	163,5
Austurland	114	1,1	97,0
Suðurland	1.034	10,4	270,2

74 brot voru skráð á embætti ríkislögreglustjóra og lögreglustjórann á Keflavíkurflugvelli. Þau eru ekki talin með hér.

Á töflu 26 má sjá auðgunarbrot eftir landsvæðum. Sjá má að 80% brota voru skráð á höfuðborgarsvæðinu og rúmlega 10% á Suðurlandi. Einungis um 1% brota áttu sér hins vegar stað á Austurlandi. Sama skipting kemur í ljós þegar auðgunarbrot eru borin saman milli landsvæða miðað við íbúafjölda.

Árið 2003 fækkaði auðgunarbrotum miðað við 10.000 íbúa á landinu öllu um 12%, eða úr 396 brotum í 348 (mynd 54). Líkt og fyrri ár voru flest brot tilkynnt hjá lögreglustjóranum í Reykjavík (476) og hjá lögreglunni í Kópavogi (457). Fæst brot voru hins vegar skráð á Hólmavík (36) og á Snæfellsnesi (38). Brotum miðað við 10.000 íbúa fækkaði jafnframt mest á Hólmavík milli ára en einnig á Sauðárkróki og Ólafsfirði. Á sama tíma fjölgaði þeim mest á Hvolsvelli og Siglufirði.

## Fjöldi auðgunarbrotanna miðað við 10.000 íbúa



**Mynd 54.** Fjöldi auðgunarbrotanna samkvæmt málaskrá 2002 og 2003 á hverja 10.000 íbúa, eftir embættum.

Á töflu 27 má sjá dreifingu kynferðisbrota árið 2003. Fram kemur að rúmlega 67% brota voru tilkynnt á

höfuðborgarsvæðinu, 12% á Suðurlandi og 11% á Norðurlandi. Þegar tillit er tekið til íbúafjölda minnkar munur milli landsvæða verulega, brot eru þó enn flest á höfuðborgarsvæðinu en fæst á Austurlandi.


**Tafla 27.** Fjöldi kynferðisbrota samkvæmt málaskrá 2003 eftir landsvæðum, hlutfallsleg skipting og fjöldi miðað við 10.000 íbúa.

	<b>Fjöldi</b>	<b>Hlutfall í %</b>	<b>Fjöldi m.v. 10.000 íbúa</b>
Höfuðborgarsvæðið	239	67,1	13,3
Vesturland og Vestfirðir	27	7,6	12,0
Norðurland	39	11,0	10,8
Austurland	8	2,2	6,8
Suðurland	43	12,1	11,2

3 brot voru skráð á embætti ríkislögreglustjóra og lögreglustjórann á Keflavíkurlugvelli. Þau eru ekki talin með hér.

Árið 2003 voru 13 kynferðisbrot á hverja 10.000 íbúa tilkynnt til lögreglu (tafla 27), árið 2002 var sambærilegur fjöldi 11 brot og 10 árið 2001. Líkt og árið á undan voru flest brot miðað við íbúafjölda tilkynnt á Patreksfirði (68) en þar á eftir kemur Sauðárkrókur með 21 brot á hverja 10.000 íbúa. Þegar á heildina er litið þá fjölgaði kynferðisbrotum á hverja 10.000 íbúa um 11% milli ára (mynd 55). Hlutfallsleg fjölgun var mest í Vestmannaeyjum og á Sauðárkróki en hlutfallsleg fækkun var á Blönduósi og í Vík.

**Fjöldi kynferðisbrota miðað við 10.000 íbúa**




**Mynd 55.** Fjöldi kynferðisbrota samkvæmt málaskrá 2002 og 2003 á hverja 10.000 íbúa, eftir embættum.

**Tafla 28.** Fjöldi ofbeldisbrota annarra en kynferðisbrota samkvæmt málaskrá 2003 eftir landsvæðum, hlutfallsleg skipting og fjöldi miðað við 10.000 íbúa.

	<b>Fjöldi</b>	<b>Hlutfall í %</b>	<b>Fjöldi m.v. 10.000 íbúa</b>
Höfuðborgarsvæðið	869	66,8	48,3
Vesturland og Vestfirðir	80	6,1	35,6
Norðurland	120	9,2	33,4
Austurland	61	4,7	51,9
Suðurland	171	13,1	44,7

<sup>3</sup> Brot voru skráð á embætti ríkislögreglustjóra og lögreglustjórann á Keflavíkurlflugvelli. Þau eru ekki talin með hér.

Á töflu 28 sést fjöldi ofbeldisbrota árið 2003 eftir landsvæðum. Sjá má að hlutfallslega flest brot voru tilkynnt á höfuðborgarsvæðinu (67%) en fæst á Austurlandi (5%). Hins vegar voru flest brot miðað við 10.000 íbúa tilkynnt á Austurlandi (52) en fæst á Norðurlandi (33). Þegar ofbeldisbrot eru borin saman milli embætta (mynd 56) má sjá að 45 brot voru tilkynnt á hverja 10.000 íbúa á landinu öllu árið 2003 en árið 2002 voru þau 47 og 51 árið 2001. Flest brot miðað við 10.000 íbúa voru tilkynnt til lögreglunnar á Höfn (73) og á Ísafirði (62). Aukning milli ára var hlutfallslega mest á Höfn og Hvolsvelli en brotum miðað við 10.000 fækkaði hlutfallslega mest á Siglufirði og Ólafsfirði.



**Mynd 56.** Fjöldi tilkynntra manndrápa og líkamsmeiðinga samkvæmt málaskrá 2002 og 2003 á hverja 10.000 íbúa, eftir embættum.


**Tafla 29.** Fjöldi fíkniefnabrota samkvæmt málaskrá 2003 eftir landsvæðum, hlutfallsleg skipting og fjöldi miðað við 10.000 íbúa.

	<b>Fjöldi</b>	<b>Hlutfall í %</b>	<b>Fjöldi m.v. 10.000 íbúa</b>
Höfuðborgarsvæðið	905	68,3	50,3
Vesturland og Vestfirðir	98	7,4	43,7
Norðurland	95	7,2	26,4
Austurland	46	3,5	39,1
Suðurland	181	13,7	47,3

60 brot voru skráð á embætti lögreglustjórans á Keflavíkurlflugvelli. Þau eru ekki talin með hér.

Árið 2003 voru rúmlega 68% fíkniefnabrota skráð hjá embættum á höfuðborgarsvæðinu (tafla 29), tæplega 14% á Suðurlandi, um 7% á Vestur- og Norðurlandi og tæplega 4% á Austurlandi. Flest brot miðað við 10.000 íbúa voru jafnframt skráð á höfuðborgarsvæðinu (50) en fæst á Norðurlandi (26).

Á landinu öllu voru skráð 48 fíkniefnabrot á hverja 10.000 íbúa sem er nokkur aukning frá árinu á undan er sambærilegur fjöldi var 35 brot (mynd 57). Flest fíkniefnabrot miðað við íbúafjölda voru skráð í Vestmannaeyjum árið 2003 (122) en næstflest á Patreksfirði (80).



**Mynd 57.** Fjöldi fíkniefnabrota samkvæmt málaskrá 2002 og 2003 á hverja 10.000 íbúa, eftir embættum.




**Tafla 30.** Fjöldi eignaspjalla samkvæmt málaskrá 2003 eftir landsvæðum, hlutfallsleg skipting og fjöldi miðað við 10.000 íbúa.

	<b>Fjöldi</b>	<b>Hlutfall í %</b>	<b>Fjöldi m.v. 10.000 íbúa</b>
Höfuðborgarsvæðið	2.708	70,3	150,6
Vesturland og Vestfirðir	181	4,7	80,6
Norðurland	362	9,4	100,6
Austurland	75	1,9	63,8
Suðurland	528	13,7	138,0

29 brot voru skráð á lögreglustjórn á Keflavíkflugvelli. Þau eru ekki talin með hér.

Árið 2003 voru rúmlega 70% eignaspjalla tilkynnt til lögregluembætta á höfuðborgarsvæðinu og tæplega 14% til embætta á Suðurlandi (tafla 30). Sömu skiptingu má sjá þegar fjöldi brota miðað við 10.000 íbúa er skoðaður, flest brot voru skráð á höfuðborgarsvæðinu (151) og á Suðurlandi (138).

Á mynd 58 má sjá fjölda eignaspjalla árið 2003 miðað við 10.000 íbúa, greint eftir embættum. Fram kemur að árið 2003 voru 135 brot á hverja 10.000 íbúa skráð, sem er fækkun frá árinu á undan er þau voru 145. Líkt og árið á undan voru flest brot miðað við 10.000 íbúa tilkynnt í Vestmannaeyjum (165) og Reykjavík (163). Engin eignaspjöll voru hins vegar tilkynnt í Búðardal og á Hólmavík.



**Mynd 58.** Fjöldi eignaspjalla samkvæmt málaskrá 2002 og 2003 á hverja 10.000 íbúa, eftir embættum.


**Tafla 31.** Fjöldi nytjastulda samkvæmt málaskrá 2003 eftir landsvæðum, hlutfallsleg skipting og fjöldi miðað við 10.000 íbúa.

	<b>Fjöldi</b>	<b>Hlutfall í %</b>	<b>Fjöldi m.v. 10.000 íbúa</b>
Höfuðborgarsvæðið	320	78,0	17,8
Vesturland og Vestfirðir	13	3,2	5,8
Norðurland	30	7,3	8,3
Austurland	8	2,0	6,8
Suðurland	39	9,5	10,2

2 brot voru skráð á lögreglustjórann á Keflavíkurlugvelli. Þau eru ekki talin með hér.

Mikill meirihluti nytjastulda sem skráðir voru hjá lögreglu árið 2003 áttu sér stað á höfuðborgarsvæðinu (78%) en fæstir á Austurlandi (2%) (tafla 31). Þegar tekið er tillit til íbúafjölda voru tæplega 18 brot skráð á hverja 10.000 íbúa á höfuðborgarsvæðinu, tæplega 6 á Vesturlandi og Vestfjörðum, rúmlega 8 á Norðurlandi, tæplega 7 á Austurlandi og rúmlega 10 á Suðurlandi.

Árið 2003 voru 14 nytjastuldir á hverja 10.000 íbúa skráðir hjá lögreglu (mynd 59) sem er nokkur fækkun frá árinu á undan, er þeir voru 20, en sami fjöldi og árið 2001. Flest brot voru tilkynnt til lögreglunnar í Reykjavík (20) en þeim fækkar þó nokkuð milli ára. Ekkert nytjastuldarbrot var skráð á Snæfellsnesi árið 2003.



**Mynd 59.** Fjöldi skráðra nytjastulda í málaskrá 2002 og 2003 á hverja 10.000 íbúa, eftir embættum.


**Tafla 32.** Fjöldi brota gegn valdstjórninni samkvæmt málaskrá 2003 eftir landsvæðum, hlutfallsleg skipting og fjöldi miðað við 10.000 íbúa.

	<b>Fjöldi</b>	<b>Hlutfall í %</b>	<b>Fjöldi m.v. 10.000 íbúa</b>
Höfuðborgarsvæðið	144	61,0	8,0
Vesturland og Vestfirðir	22	9,3	9,8
Norðurland	41	17,4	11,4
Austurland	7	3,0	6,0
Suðurland	22	9,3	5,7

5 brot voru skráð á embætti ríkislögreglustjóra og lögreglustjórnann á Keflavíkurflugvelli. Þau eru ekki talin með hér

Hlutfallslega flest brot gegn valdstjórninni voru tilkynnt á höfuðborgarsvæðinu árið 2003 en flest brot miðað við 10.000 íbúa á Norðurlandi (tafla 32).

Þegar litið er til einstakra embætta (mynd 60) má sjá að flest brot miðað við 10.000 íbúa voru tilkynnt á Hólmavík (48) en mun færri brot voru tilkynnt hjá öðrum embættum. Árið 2003 voru alls tilkynnt 8 brot gegn valdstjórninni á hverja 10.000 íbúa á landinu öllu. Þetta er nokkru hærra hlutfall en árið á undan þegar sambærilegur fjöldi var 4 brot. Eins og áður segir skýrist þessi aukning einkum af nýjum brotaflokkum sem falla þarna undir.




**Mynd 60.** Fjöldi brota gegn valdstjórninni samkvæmt málaskrá 2002 og 2003 á hverja 10.000 íbúa, eftir embættum.

**Tafla 33.** Fjöldi brota gegn lögum um skjalafals samkvæmt málaskrá 2003 eftir landsvæðum, hlutfallsleg skipting og fjöldi miðað við 10.000 íbúa.

	<b>Fjöldi</b>	<b>Hlutfall í %</b>	<b>Fjöldi m.v. 10.000 íbúa</b>
Höfuðborgarsvæðið	255	81,5	14,2
Vesturland og Vestfirðir	10	3,2	4,5
Norðurland	22	7,0	6,1
Suðurland	26	8,3	6,8

27 brot voru skráð á embætti ríkislögreglustjóra og lögreglustjórnann á Keflavíkurflugvelli. Þau eru ekki talin með hér.

Árið 2003 voru tæplega 82% brota á lögum um peninga og skjalafals tilkynnt til lögregluembættanna á höfuðborgarsvæðinu. Þegar tekið er tillit til íbúafjölda voru rúmlega 14 brot á hverja 10.000 íbúa tilkynnt á höfuðborgarsvæðinu, tæplega 7 brot á Suðurlandi, rúmlega 6 brot á Norðurlandi og tæplega 5 brot á Vesturlandi og Vestfjörðum (tafla 33).



**Mynd 61.** Fjöldi skráðra brota á lögum um skjalafals samkvæmt málaskrá 2002 og 2003 á hverja 10.000 íbúa, eftir embættum.

Á mynd 61 má sjá fjölda brota er varða skjalafals á hverja 10.000 íbúa árið 2003. Alls var tilkynnt um 12 brot á hverja




10.000 íbúa sem er nokkur fækkun frá árinu á undan er þau voru tæplega 18. Flest brot miðað við íbúafjölda voru tilkynnt til lögreglustjórans í Reykjavík (16 brot) en þeim hefur þó fækkað milli ára.

**Tafla 34.** Fjöldi brota gegn friðhelgi einkalífs samkvæmt málaskrá 2003 eftir landsvæðum, hlutfallsleg skipting og fjöldi miðað við 10.000 íbúa.

	<b>Fjöldi</b>	<b>Hlutfall í %</b>	<b>Fjöldi m.v. 10.000 íbúa</b>
Höfuðborgarsvæðið	610	70,2	33,9
Vesturland og Vestfirðir	46	5,3	20,5
Norðurland	90	10,4	25,0
Austurland	27	3,1	23,0
Suðurland	96	11,0	25,1

5 brot voru skráð á embætti ríkislögreglustjóra og lögreglustjórnann á Keflavíkurflugvelli. Þau eru ekki talin með hér.

Brot gegn friðhelgi einkalífs voru hlutfallslega flest á höfuðborgarsvæðinu árið 2003 (70%) en fæst á Austurlandi (tafla 34). Þegar tekið er tillit til íbúafjölda verður dreifingin hins vegar jafnari yfir landið, þó enn flest brot í Reykjavík (34) og fæst á Vesturlandi og Vestfjörðum (21). Eins og fram kemur á mynd 62 fjölgaði brotum gegn friðhelgi einkalífs milli ára eða úr 27 brotum á hverja 10.000 íbúa árið 2002 í 30 brot árið 2003. Flest brot voru tilkynnt til lögreglustjórans á Ísafirði (50) en brotum fækkaði hins vegar mest milli ára hjá lögreglustjóranum á Ólafsfirði.



**Mynd 62.** Fjöldi brota gegn friðhelgi einkalífs samkvæmt málaskrá 2002 og 2003 á hverja 10.000 íbúa, eftir embættum.


**Tafla 35.** Fjöldi brota gegn áfengislögum samkvæmt málaskrá 2003 eftir landsvæðum, hlutfallsleg skipting og fjöldi miðað við 10.000 íbúa.

	<b>Fjöldi</b>	<b>Hlutfall í %</b>	<b>Fjöldi m.v. 10.000 íbúa</b>
Höfuðborgarsvæðið	1.482	74,3	82,4
Vesturland og Vestfirðir	103	5,2	45,9
Norðurland	194	9,7	53,9
Austurland	45	2,3	38,3
Suðurland	170	8,5	44,4

15 brot voru skráð á lögreglustjórn á Keflavíkurlugvelli. Þau eru ekki talin með hér.

Hlutfallslega fæst brot gegn áfengislögum voru skráð á Austurlandi árið 2003 (2%) en flest á höfuðborgarsvæðinu (74%) (tafla 35). Fæst brot miðað við íbúafjölda voru einnig skráð á Austurlandi (38) en flest á höfuðborgarsvæðinu (82).

Alls voru skráð 70 brot gegn áfengislögum á landinu öllu árið 2003 (mynd 63) sem er svipað og árið á undan er 69 brot voru skráð en fækkun frá 2001 er sambærilegur fjöldi brota var 79 brot. Flest brot miðað við 10.000 íbúa voru skráð á Ísafirði en brotum fækkaði mest milli ára á Bolungarvík.



**Mynd 63.** Fjöldi brota gegn áfengislögum samkvæmt málaskrá 2002 og 2003 á hverja 10.000 íbúa, eftir embættum.

# Myndaskrá

Mynd 1. Fjöldi skráninga í málaskrá frá 1999 til 2003. ....	11
Mynd 2. Hlutfallsleg skipting brota og verkefna samkvæmt málaskrá 2001 til 2003. ....	12
Mynd 3. Fjöldi brota samkvæmt málaskrá 2001 til 2003, eftir tegund brots. ....	13
Mynd 4. Hlutfallsleg dreifing hegningartagabrota samkvæmt málaskrá 2001 til 2003, eftir vikudögum. ....	14
Mynd 5. Hlutfallsleg dreifing annarra sérrefsilagabrota en umferðartagabrota samkvæmt málaskrá 2001 til 2003, eftir vikudögum. ....	14
Mynd 6. Hlutfallsleg dreifing umferðartagabrota samkvæmt málaskrá 2001 til 2003, eftir vikudögum. ....	15
Mynd 7. Hlutfallsleg dreifing hegningartagabrota samkvæmt málaskrá 2001 til 2003, eftir mánuðum. ....	16
Mynd 8. Hlutfallsleg dreifing sérrefsilagabrota annarra en umferðartagabrota samkvæmt málaskrá 2001 til 2003, eftir mánuðum. ....	17
Mynd 9. Hlutfallsleg dreifing umferðartagabrota samkvæmt málaskrá 2001 til 2003, eftir mánuðum. ....	17
Mynd 10. Hlutfallsleg dreifing hegningartagabrota og annarra sérrefsilagabrota en umferðartagabrota samkvæmt málaskrá 2003, eftir tegund vettvangs. ....	18
Mynd 11. Hlutfallsleg skipting brota annarra en umferðartagabrota samkvæmt málaskrá 2001 til 2003. ....	20
Mynd 12. Meðalfjöldi skráðra brota á hverjum sólarhring á árunum 2001 til 2003 samkvæmt málaskrá, eftir tegund brots. ....	21
Mynd 13. Fjöldi hraðakstursbrota og annarra umferðartagabrota, samkvæmt málaskrá 1999 til 2003. ....	23
Mynd 14. Hlutfallsleg dreifing umferðartagabrota samkvæmt málaskrá 2003, eftir vikudögum. ....	24
Mynd 15. Hlutfallsleg dreifing umferðartagabrota samkvæmt málaskrá 2003, eftir mánuðum. ....	24
Mynd 16. Fjöldi innbrota og þjófnaða samkvæmt málaskrá 1999 til 2003. ....	27
Mynd 17. Hlutfallsleg dreifing innbrota samkvæmt málaskrá 2001 til 2003, eftir mánuðum. ....	28
Mynd 18. Hlutfallsleg dreifing þjófnaða samkvæmt málaskrá 2001 til 2003, eftir mánuðum. ....	28
Mynd 19. Hlutfallsleg dreifing innbrota og þjófnaða samkvæmt málaskrá árið 2003, eftir vikudögum. ....	29
Mynd 20. Hlutfallsleg dreifing innbrota og þjófnaða samkvæmt málaskrá árið 2003 eftir brotavettvangi. ....	30
Mynd 21. Fjöldi kynferðisbrota samkvæmt málaskrá 1999 til 2003, eftir tegund brots. ....	32
Mynd 22. Hlutfallsleg dreifing kynferðisbrota samkvæmt málaskrá 2001 til 2003, eftir mánuðum. ....	33
Mynd 23. Hlutfallsleg dreifing kynferðisbrota samkvæmt málaskrá 2001 til 2003, eftir vikudögum. ....	33
Mynd 24. Hlutfall líkamsárása og líkamsmeiðinga af heildarfjölda ofbeldisbrota samkvæmt málaskrá 1999 til 2003. ....	35
Mynd 25. Hlutfallsleg dreifing kynferðisbrota og líkamsmeiðinga samkvæmt málaskrá 2001 til 2003, eftir mánuðum. ....	35
Mynd 26. Hlutfallsleg dreifing manndrápa og líkamsmeiðinga samkvæmt málaskrá 2001 til 2003, eftir vikudögum. ....	36
Mynd 27. Hlutfallsleg dreifing líkamsárása og líkamsmeiðinga samkvæmt málaskrá 2003, eftir vettvangi brots. ....	37
Mynd 28. Hlutfallsleg dreifing fíkniefnabrota eftir tegund brota samkvæmt málaskrá 2001 til 2003. ....	38
Mynd 29. Amfetamín og kannabisefni sem lagt var hald á frá 1998 til 2003. ....	40
Mynd 30. E-töflur sem lagt var hald á 1998 til 2003. ....	41
Mynd 31. Hlutfall efnis sem lagt var hald á á landamærum 2000 til 2003. ....	42
Mynd 32. Fundarstaður þeirra efna sem lagt var hald á í innflutningsmálum 2000 til 2002. ....	43
Mynd 33. Hlutfallsleg dreifing eignaspjalla samkvæmt málaskrá 2001 til 2003, eftir mánuðum. ....	46
Mynd 34. Hlutfallsleg dreifing eignaspjalla samkvæmt málaskrá 2001 til 2003, eftir vikudögum. ....	46
Mynd 35. Hlutfallsleg dreifing eignaspjalla samkvæmt málaskrá 2003, eftir vettvangi. ....	47
Mynd 36. Hlutfallsleg dreifing nytjastuldarbrota samkvæmt málaskrá 2001 til 2003, eftir mánuðum. ....	48
Mynd 37. Hlutfallsleg dreifing nytjastuldarbrota samkvæmt málaskrá árið 2001 til 2003, eftir vikudögum. ....	49
Mynd 38. Hlutfallsleg dreifing brota er snúa að ofbeldi gegn lögreglumönnum samkvæmt málaskrá 2001 til 2003, eftir mánuðum. ....	51
Mynd 39. Hlutfallsleg dreifing brota er snúa að ofbeldi gegn lögreglumönnum samkvæmt málaskrá 2001 til 2003, eftir vikudögum. ....	51
Mynd 40. Hlutfallsleg dreifing brota er snúa að ofbeldi gegn lögreglumönnum samkvæmt málaskrá 2003, eftir vettvangi. ....	52
Mynd 41. Hlutfall nokkurra brota er varða skjalafals af heildarfjölda skjalafalsbrota samkvæmt málaskrá 1999 til 2003. ....	54
Mynd 42. Hlutfallsleg dreifing skráðra hótana samkvæmt málaskrá 2001 til 2003, eftir mánuðum. ....	55
Mynd 43. Hlutfall hótana samkvæmt málaskrá 2001 til 2003, eftir vikudögum. ....	56
Mynd 44. Hlutfallsleg dreifing brota gegn lögum um ölvun á almannaferi samkvæmt málaskrá 2001 til 2003, eftir mánuðum. ....	58
Mynd 45. Hlutfallsleg dreifing brota vegna ölvunar á almannaferi samkvæmt málaskrá 2001 til 2003, eftir vikudögum. ....	58
Mynd 46. Hlutfall þeirra sem kærðir voru fyrir hegningartagabrot samkvæmt málaskrá 2001 til 2003, eftir aldri. ....	61
Mynd 47. Fjöldi kærðra hegningartagabrota og fjöldi einstaklinga sem kærðir voru fyrir hegningartagabrot 2001 til 2003. ....	61
Mynd 48. Hlutfall þeirra sem kærðir voru fyrir fíkniefnabrot samkvæmt málaskrá 2001 til 2003, eftir aldri. ....	64
Mynd 49. Hlutfall þeirra sem kærðir voru fyrir umferðartagabrot samkvæmt málaskrá 2001 til 2003, eftir aldri. ....	66
Mynd 50. Fjöldi hegningartagabrota, umferðartagabrota og annarra sérrefsilagabrota samkvæmt málaskrá 2003 miðað við 10.000 íbúa. Greint eftir landsvæðum. ....	68
Mynd 51. Fjöldi hegningartagabrota miðað við 10.000 íbúa samkvæmt málaskrá 2002 og 2003, eftir embættum. ....	70
Mynd 52. Fjöldi sérrefsilagabrota á hverja 10.000 íbúa skráð í málaskrá 2002 og 2003, eftir embættum. ....	71
Mynd 53. Fjöldi umferðartagabrota á hverja 10.000 íbúa samkvæmt málaskrá 2002 og 2003, eftir embættum. ....	72
Mynd 54. Fjöldi auðgunarbrota samkvæmt málaskrá 2002 og 2003 á hverja 10.000 íbúa, eftir embættum. ....	74
Mynd 55. Fjöldi kynferðisbrota samkvæmt málaskrá 2002 og 2003 á hverja 10.000 íbúa, eftir embættum. ....	76
Mynd 56. Fjöldi tilkyntra manndrápa og líkamsmeiðinga samkvæmt málaskrá 2002 og 2003 á hverja 10.000 íbúa, eftir embættum. ....	78
Mynd 57. Fjöldi fíkniefnabrota samkvæmt málaskrá 2002 og 2003 á hverja 10.000 íbúa, eftir embættum. ....	80
Mynd 58. Fjöldi eignaspjalla samkvæmt málaskrá 2002 og 2003 á hverja 10.000 íbúa, eftir embættum. ....	82
Mynd 59. Fjöldi skráðra nytjastulda í málaskrá 2002 og 2003 á hverja 10.000 íbúa, eftir embættum. ....	84
Mynd 60. Fjöldi brota gegn valdstjórninni samkvæmt málaskrá 2002 og 2003 á hverja 10.000 íbúa, eftir embættum. ....	86
Mynd 61. Fjöldi skráðra brota á lögum um skjalafals samkvæmt málaskrá 2002 og 2003 á hverja 10.000 íbúa, eftir embættum. ....	88
Mynd 62. Fjöldi brota gegn friðhelgi einkalífs samkvæmt málaskrá 2002 og 2003 á hverja 10.000 íbúa, eftir embættum. ....	90
Mynd 63. Fjöldi brota gegn áfengislögum samkvæmt málaskrá 2002 og 2003 á hverja 10.000 íbúa, eftir embættum. ....	92

## Töfluskrá

Tafla 1. Fjöldi og hlutfall skráðra brota í nokkrum málaflokkum samkvæmt málaskrá 1999 til 2003, eftir tegund brots.	19
Tafla 2. Fjöldi umferðarlagabrota samkvæmt málaskrá 1999 til 2003, eftir tegund brots.	22
Tafla 3. Fjöldi auðgunarbrota samkvæmt málaskrá 1999 til 2003, eftir tegund brots.	26
Tafla 4. Fjöldi kynferðisbrota samkvæmt málaskrá 1999 til 2003.	31
Tafla 5. Fjöldi manndrápa og líkamsmeiðinga samkvæmt málaskrá frá 1999 til 2003, eftir tegund brots.	34
Tafla 6. Fjöldi fikniefnabrota frá 1999 til 2003.	38
Tafla 7. Fikniefni sem lagt var hald á á Íslandi árið 1999 til 2003.	39
Tafla 8. Innflutningsleiðir 2001 til 2003 eftir tegund efnis.	42
Tafla 9. Fikniefni sem lagt var hald á árið 2002 eftir því frá hvaða landi þau komu.	44
